



STARFSÁÆTLUN

Leikskólinn Rjúpnahæð



Efnisyfirlit – Skólustarfið

Inngangur	6
Um leikskólann.....	6
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	6
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	6
Heimsmarkmið	7
Lýðræði og jafnrétti.....	7
Sjálfstæði með ábyrgð.....	7
Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur.....	8
Skólustarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla	8
Heilbrigði og vellíðan.....	8
Sköpun og menning.....	9
Sjálfbærni og vísindi	9
Læsi og samskipti.....	9
Dagskipulag.....	10
Samverustund	10
Veðurfræðingur	10
Hópstarf.....	11
Flæði.....	12
Tónlist.....	12
Lundur	12
Laupur	12
Matmálstími	12
Menningarviðburðir	13
Kynning á leikskólanum.....	14
Deildarstjórar.....	14
Foreldrasamstarf.....	14
Stefna og áherslur	14
Foreldraráð	14
Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna	15
Þátttaka forráðamanna í leikskólustarfi	15
Aðlögun.....	15
Foreldrafélag	15
Starfsmenn.....	16
Starfsmannastefna	16
Handleiðsla.....	16
Nýir starfsmenn	17
Áherslur í samstarfi	17
Samsetning starfsmannahópsins.....	17

Samstarf við grunnskóla.....	17
Mat og matsaðferðir	18
Börn.....	18
Sérkennsla	19
Starfsfólk	19
Forráðamenn.....	19
Innra eftirlit.....	19
Öryggismál	20
Öryggisnefnd.....	20
Áfallaráð.....	20
Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs	21
Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir	21
Það sem vel var gert	22
Hugarkort.....	22
Sjálfstjórn	22
Ábyrgð.....	22
Lýðræði	23
Sjálfræði	23
Friður.....	23
Barnasáttmáli.....	24
Heimsmarkmið	24
Námssvið.....	24
Mat og matsaðferðir	24
Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður.....	25
Börn.....	25
Sérkennsla	25
Mat forráðamanna	26
Samsetning starfsmannahópsins.....	26
Mat starfsmanna	26
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	27
Snemmtæk íhlutun.....	27
Vísindastarf	27
Bjarg- matsalur	27
Flæðismatur.....	27
Skipulags dagar	27
Endur- og símenntun	27
Fundir	28
Samstarf.....	28
Samstarf við grunnskóla.....	28

Samstarf við aðra.....	28
Þátttaka í rannsóknum	29
Nemar	29
Viðhald.....	29
Öryggismál	29
Öryggisnefnd.....	30
Áfallaráð.....	30
Innra eftirlit.....	30
Slys.....	30
Umbótaáætlun næsta skólaárs	31
Skólastarfið	31
Umbótaáætlun	31
Barnasáttmáli.....	32
Heimsmarkmið.....	32
Námssvið sem var metið, umbætur	32
Matslistar – umbótaáætlun	32
Börn	33
Sérkennsla	33
Foreldrakönnun	33
Samsetning starfsmannahópsins.....	33
Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl	34
Próunar- og nýbreytnistarf á næsta ári.....	34
Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá.....	34
Endur- og símenntunaráætlun	35
Fundir	35
Rannsóknir	35
Samstarf.....	35
Nemar	35
Viðhald.....	35
Öryggismál	35
Lokaorð	36

Inngangur

Starfið í Leikskólanum Rjúpnahæð er mjög faglegt, hlutfall faglærðra er 46,5% og starfsaldur er að meðaltali 7,6 ár. Það sem einkennir faglegt starf á Rjúpnahæð að það er í stöðugri þróun, ávallt er verið að leita að leiðum og lausnum til að bæta starfið og mæta nýjum áskorunum. Mikil samþætting er á milli deilda, unnið er með sömu áherslur en með breytilegum aðferðum sem henta hverju aldursbili. Alveg frá eins árs og til sex ára er verið að kenna um lýðræði með sjálfræði að leiðarljósi og leyfa þeim að kynnast því á sinn hátt. Á öllum aldurstigum er markmiðið að börn læri að vera gagnrýnin, bera virðingu fyrir sér og öðrum, bera ábyrgð á sjálfum sér og umhverfi sínu og öðlist sífellt meiri sjálfstjórn. Á öllum aldurstigum er starfið í sífelldri þróun við að gera starfið meira og meira barnmiðað (frekar en kennarastýrt). Á síðastliðnu ári var haldið áfram að innleiða þáttökuaðlögun, auka sjálfræði á yngstu deildum (m.a. með flæði í kaffitíma) og lögð var meiri áhersla á að fá samvinnu við foreldra þegar barn byrjaði í leikskólanum (gagnkvæmt upplýsingaflæði áður en barnið kæmi og undirbúa barnið heima). Mesta þróunin var í þátttöku allra starfsmanna og barna við verkefnavinnslu í þemavinnu, unnið á mörgum stöðvum í húsinu, að styðja barnið í að bera ábyrgð á eigin verkefni á milli starfsstöðva og hvar það er stadd í sköpunarferlinu (t.d. varðandi öskudagsbúningagerðina). Á Móa (yngri kjarna) var aukin áhersla á uppgötvunarnám og á Mýri (eldri kjarna) var enn aukið við sjálfræði barna með því að gera þeim kleift að velja og skipuleggja hlutverk sín fram í tímann (geta valið hvenær í mánuðinum þau vilja vera veðurfræðingar og merkja sjálf við þann dag). Áframhaldandi þróunarvinna hugarkorta með börnum, opnar spurningar og við fáum svör barnanna og merkjum á hugarkort. Hugarkortin eru lifandi plögg sem taka sífelldum breytingum eftir því sem börnin þroskast og læra meira. Í starfsmannaviðtölum var notast við markþjálfunarnálgun, starfsmenn spurðir „hvernig vilt þú vera besta útgáfan af þér?“ og það hafði mjög jákvæð áhrif, unnið úr því veggspjald sem fer á heimasíðuna. Viðhorfið á Rjúpnahæð er það eru ekki til hindranir, bara áskoranir sem við lærum af og þroskumst áfram.

Við vinnum sífellt að umbótum með stöðugu endurmati og endurgjöf frá foreldrum, börnum og starfsfólki. Eftir hvern viðburð þá fer fram endurmat sem unnið er af matsteymi starfsfólks og barna sem nýtist til endurbóta við næsta viðburð. Við lítum aldrei svo á að starfið sé komið í endanlega mynd því alltaf má gera betur og læra af reynslunni.

Framundan er spennandi og krefjandi skólaár, 2020-2021. Við hlökkum til að takast á við fjölbreytni leikskólastarfsins með okkar frábæru kennurum og bjóðum nýja kennara velkomna í hópinn. Við hvetjum ykkur til að nálgast frekari upplýsingar um leikskólann okkar inn á heimasíðunni <http://rjupnaaed.kopavogur.is/> og jafnframt kynna ykkur skólanámskrá leikskólans.

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Rjúpnahæð tók til starfa 1. júlí 2002 og er sex deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma. Í leikskólanum eru samtals 106 börn á 6 deildum. Heildarrými leikskólans er 775,2 m², leikrými er 445 m² og flatarmál lóðar er 5164 m². Rými á hvert barn er 7,5 m², leik- og námsrými 4,32 m² og lóðarrými 27,94 m².

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er einn af undirstöðum í stefnu leikskólans, þar leggjum við sérstaka áherslu á sjálfræði, lýðræði, jafnrétti og frjálstan leik barnsins.

Við viljum vekja athygli á Degi mannréttinda og Degi friðar með því að ræða um jafnrétti, frið og bræðralag skv. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Heimsmarkmið

Heimsmarkmiðin koma meðal annars fram í skipulagi matmálstíma. Við kennum börnunum að skammta sér lítið á diskinn og fá sé aftur eða finna sitt eigið magamál. Þetta gerum við til að koma í veg fyrir matarsóun og auka borgaralega vitund barnanna á eigin ábyrgð á matarsóun, bæði í leikskólanum sem og annars staðar.

Matur er settur á hlaðborð, í fá ílát, í stað þess að setja matinn í mörg ílát til að draga úr matarsóun. Afgangar eru svo nýttir í útikennslu til að minnka matarsóun. Ennfremur pöntum við inn mat af ábyrgð og reynum eftir fremsta megni að panta inn hæfilegt magn en ekki of mikið, afgangar eru frystir og reglulega erum við með daga þar sem börnin fá hlaðborð af minni skömmtum með meiri fjölbreytni.

Til að draga úr óþarfa vatnsnotkun þá er matarílátum safnað saman þar til að bakkar eru fullir áður en bakkinn fer í uppþvottavélina. Þessar aðgerðir hafa dregið úr því hversu miklu er hent úr eldhúsinu yfir vikuna og við sjáum það helst í því að tunnurnar fyllast ekki jafn hratt. Matarkostnaður hefur líka dregist saman að einhverju leiti.

Að lokum kennum við sjálfbærni meðal annars í sumarskólanum þar sem börnin taka þátt í að rækta grænmeti á leikskólalóðinni, og taka það upp fyrir uppskeruhátíð að hausti. Efniviður í listasmíðjunni Laup er allur endurnýtanlegur og mikið unnið með verðlausan efnivið til að skreyta, jólagjafagerð og margt fleira.

Lýðræði og jafnrétti

Í lýðræði taka einstaklingar virkan þátt í mótun samfélagsins. Í Rjúpnahæð leggjum við áherslu á áhuga barnanna og ábyrgð þeirra á eigin námi. Við tökum mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Börn læra til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Gagnrýnin hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins leiðir til lýðræðis- og mannréttinda. Lýðræðislegur leikskóli getur þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Markmiðið er að börnin læri lýðræðisleg vinnubrögð með því að nota opnar spurningar, skoðanaskipti og að allar skoðanir séu virtar. Það er líka borin virðing fyrir sjálfsákvörðunarrétti barna til að svara eða svara ekki.

- Sjálfræði, ég sjálf/ur.
- Sjálfstæði
- Sjálfstjórn
- Virðing fyrir þeim sem talar
- Ábyrgð á sinni ákvörðun
- Málörvun – læra ný hugtök og merkingu þeirra
- Meirihluti/minnihluti
- Að kjósa
- Sameiginleg ákvörðun
- Læsi í umhverfi- þegar röðin kemur að mér
- Skoðanaskipti

Jafnrétti skapar tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi. Í Rjúpnahæð er lögð áhersla á að drengir og stúlkur eigi víðtæka og jafna möguleika óháð bakgrunn og uppruna. Lögð verður áhersla á nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir annarra. Við munum leggja áherslu á að öll börn eru allra börn og að starfsmenn séu jafnvígir á öll börn. Ásamt því að vinna eftir skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.

Sjálfstæði með ábyrgð

Eitt af megin markmiðum Rjúpnahæðar er að börnin taki virkan þátt og beri ábyrgð á hinum ýmsum daglegum störfum. Hlutverk elstu barnanna verða gerð sýnilegri og festast í sessi í leikskólanum. Áframhaldandi þróun á hinum ýmsu hlutverkum þeirra, bókaverðir, fataklefa-verðir o.s.frv.

Áhersla á aukið sjálfstæði elstu barnanna varðandi að velja sjálf hvenær þau eru veðurfræðingar, merkja þá sjálf við þá daga í mánuðinum sem þeim líst á. Eins skrá þau nöfnin sín á töflu, í stað þess að taka miða, fyrir samverustund hvað þau vilja gera hverju sinni. Þannig hafa þau áhrif á daginn sinn, hvort þau eru úti eða inni eða með hverjum þau eru. Á yngri kjarna er áfram unnið með flæðiskaffi og matartíma þar sem börn niður í ársögumul stýra því sjálf hvenær á matartíma þau borða og skammta sér sjálf eftir getu.

Námsskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Í leikskólanum er starfað samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámsskrá leikskóla og skólanámsskrá leikskólans. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna.

Stefna leikskólans er hugsmíðahyggi, meginmarkmið leikskólans er sjálfræði með lýðræði að leiðarljósi. Unnið er út frá forsendum barnanna miðað við þroska og getu sem lýsir sér í því að umhverfi barnanna sé skipulagt þannig að það stuðli að því að barnið geti með góðu móti nálgast þann efnivið sem það þarfnast og umhverfið sé hvetjandi, rannsakandi og áhugavert. Leitast er við að umhverfi veki hjá þeim hvöt til að rannsaka, kanna og skoða. Í uppeldisstefnunni varðandi sjálfræði eru fræði Devires og Consant Kami höfð til hliðsjónar og stuðst við Barnasáttmálann. Í leikskólanum er lögð mikil áhersla á náttúru, vísindi, listir og þátttöku í samfélaginu.

Börn þarfnast hvatningar og stuðnings. Í gegnum frjálssa leikinn læra þau að velja á milli fjölbreyttra, áhugaverðra og hvetjandi verkefna í vandlega útfærðu umhverfi, þar sem þau geta átt samskipti við hvert annað að vild. Efniviður er aðgengilegur bæði fyrir starfmenn og börn í leikskólanum og þannig læra börnin að bera ábyrgð á umhverfi sínu. Barnið getur gengið í verkefni eftir því hvert áhugi þess liggur og það eru engar fjöldatakmörkanir inn á leiksvæðin, þar verða börnin sjálf að finna leiðir og lausnir.

Lögð er áhersla á ævintýri í umhverfinu þar sem kistur í öllum stærðum og gerðum fá ákveðið hlutverk. Haldnir eru fundir um þau málefni sem skipta börnin máli og teknar eru sameiginlegar ákvarðanir á lýðræðislegan máta. Í þeim efnum eru kenningar Berit Bae hafðar að leiðarljósi, þar sem hún leggur sérstaka áherslu á viðurkenningu samskipti. Við viljum stuðla að menntun og þroska einstaklingsins sem er gagnrýnn, tekur ekki öllu sem gefnum hlut og ber mikla virðingu fyrir sjálfum sér sem og öðru fólki óháð skoðunum, aðstæðum og uppruna. Í Rjúpnahæð er unnið með börnunum í gegnum hugtök eins og sjálfbjargarviðleitni, sjálfstæði, sjálfstjórn, ábyrgð, lýðræði, virðingu, viðurkenningu, samvinnu, val á viðfangsefnum, væntumþykju, ágreining og öryggi. Hugtökin endurspeglu hugmyndafræði leikskólans. Sjálfræði er meginmarkmið okkar og felur einmitt í sér, sjálfstæði, sjálfbjargarviðleitni, ábyrgð, jafnræði, samvinnu, virðingu, lýðræði, sjálfstjórn, frelsi, gleði og val á viðfangsefnum.

Skólastarfið – aðalnámsskrá leikskóla - námssvið leikskóla

Samkvæmt aðalnámsskrá leikskóla (2011) eru tilgreindir sex grunnþættir menntunar og eiga þeir að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í starfið. Námssvið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum.

Námssvið leikskóla eru: heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti. Markmið okkar í Rjúpnahæð er að vinna með alla þroskaþætti barnsins í gegnum námssvið leikskólans. Leiðirnar til að ná markmiðum leikskólans eru í gegnum hópastarf, þema, hefðir og allt daglegt starf.

Heilbrigði og vellíðan

Við ætlum að stuðla að heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Unnið verður að því að leggja áherslu á líðan, innri ró, jákvæðni, hamingju og vellíðan.

Á síðasta starfsári tókum við þátt í Alþjóðlega Friðardeginum og lögðum ríkari áherslu á frið og túlkun barna á friði. Þar var komið inn á mikilvægi innri friðar og að ná innri ró, komast að sameiginlegri niðurstöðu og leysa úr ágreining. Þetta reyndist mjög vel og munum við halda áfram að fagna Friðardeginum og leggja áherslu innri frið í daglegu starfi. Áhersla verður lögð á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi sem leggur grunninn að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Við leggjum áherslu á að börnin fái tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Við ætlum að stuðla að því að börnin læri að borða fjölbreyttan og rétt samsettan mat sem eykur vellíðan og hreysti.

Sköpun og menning

Í Rjúpnahæð eru menningadagar, þeir hefjast tveimur vikum fyrir dag Íslenskra tungu, þá leggjum við ríka áherslu á þulur, ljóð, íslenska málshætti, orðasamsetningu og að lesa bækur eftir íslenska höfunda. Á þennan máta tengjum við þjóðfélagsmenninguna inn í skóladagatalið og við skapandi starfið í Rjúpnahæð. Í staðin fyrir að vera með bókaorm, sem er tákn fyrir þær bækur sem eru lesnar, var ákveðið að tengja Lubba og málbeinið hans við bækur sem foreldrar lesa með börnunum heima og sögur sem lesnar eru heima. Safnað er beinum, eitt bein fyrir hverja sögu. Það sem við erum að leggja áherslu á í okkar markmiðum er sjálfsstjórn, virðing, sjálfstæði, sjálfstraust og samvinna. Börnin af öllum deildum voru með uppákomu, ýmist með ljóð eða söng. Það komu utanaðkomandi listamenn sem tóku þátt í menningadögum með okkur. Það voru þrír söngvarar, hörpuleikari, sellóleikari, skáld og heimspekingur, og tveir rithöfundar sem kynntu bækurnar sínar á síðasta starfsári.

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Við munum fyrst og fremst leggja áherslu á ferlið sjálft, gleðina, innri ró, jákvæðni og tjáningu í orðum eða í sköpun. Námið sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín í misstórum barnahópi. Börnin fái frelsi til að koma í Laup í styttri eða lengri tíma og læra gera verkefni saman í hóp jafnt og einstaklingslega.

Sjálfbærni og vísindi

Lögð er áhersla á að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfinu. Þau fá tækifæri til að horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Við leggjum áherslu á að þau læri grunnhugmyndir um sjálfbæra þróun með því t.d. að flokka sorp og matarafgangna. Við styðjum við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta okkur á því hvernig þau skilja og hugsa um hluti.

Í vísindakróknum gefum við börnunum tækifæri til að kanna, prófa, skoða og uppgötva ýmsa hluti með sem fjölbreyttastan efnivið. Við stefnum alltaf að því að umhverfi barnanna sé sjálfbært og styðji við sjálfstæði barnanna, þau viti hvar hlutirnir eru og geti gengið frá sjálf eftir sig. Að ganga vel um umhverfi sitt lengir líftíma efniviðar og þar með eykst sjálfbærni leikskólans í heild. Börnin læra um hringrás vatns og náttúru í Sumarskólanum og grænmetisgarðinum, þar sem setja niður grænmeti og bera ábyrgð á að vökva yfir sumartímann. Að hausti taka þau svo upp grænmetið fyrir uppskeruhátíðina þar sem þau borða sitt eigið grænmeti.

Læsi og samskipti

Við vinnum ávalt mikið með læsi, tjáningu og málþroska. Strax á yngstu deildum er lögð mikil áhersla á læsilegt námsumhverfi. Dagsskipulag hvers dag er breytilegt og sett upp sjónrænt fyrir og með börnunum strax að morgni. Börnin geta þannig lesið í aðstæður dagsins, haft áhrif á líf sitt í leikskólanum og farið sjálf að athuga hvað er næst á dagskrá eða hversu langt er liðið á daginn. Við leggjum einnig mikla áherslu á þulur, söng, sögur og ljóð með börnunum. Við erum meðal annars að vinna aldurssvarandi með námsefnið Lubbi finnur málbein fyrir málörvun og Blæ til að þekkja og tjá tilfinningar/skoðanir sínar. Við munum leggja áherslu á að athafnir dagsins séu settar í orð, vandað málfar sé haft að leiðarljósi og að stuðlað sé að auknum málskilningi með markvissri málörvun. Í Rjúpnahæð notum við Tákn með tali sem nýtist til málörvunar fyrir öll börn, en alveg sérstaklega þau sem standa höllum fæti í íslensku eða málþroska. Að leikskólakennari sé vel undirbúinn undir

skipulagðar stundir t.d. samverustund og enn frekari áhersla á að allir kennarar taki þátt í samveru- og sögustundum.

Dagskipulag

Dagskipulagið felur í sér samræmt skipulag allra deilda í leikskólanum. Mikið samstarf er á milli deilda með svipaðan aldurshóp, reynt er að samræma áherslur og að stígandi sé í dagskipulaginu á milli álma. Haldnir eru álmufundir einu sinni í viku þar sem kennarar fá tækifæri til að samræma vinnubrögð er snúa að dagskipulaginu. Það felur því í sér fjölbreytileika þar sem barnið fær tækifæri til að njóta sín í leik og starfi. Ásamt því að endurspeglar stefnu leikskólans.

Dagsskipulag:

07:30-8:00	Leikskólinn opnar
8:00-8:30	Morgunmatur- Hafragrautur
08:00-9:40	Tekið á móti börnum inni á deild/Flæði/Ávaxtastund
9:30/40-10:00	Samverustund/hópastarf/fundir
10:00-11:30	Flæði/Hópastarf/Lundur/Laupur/Útivera/Útikennsla
11:20-12:00	Hádegisverður yngri/Sögustund eldri
12:00-13:00	Hádegisverður eldri/Hvíld yngri
13:00-14:30	Hópastarf/Hreyfistundir/Flæði/Laupur/Útivera/Útikennsla
14:20-15:15	Síðdegishressing
15:15-16:00	Leikur inni á deildum/Flæði/Róleg stund/Útivera
16:00-16:30	Börn á yngri deildum sameinast á yngri álmu/eldri í Bjargi
16:30	Leikskólinn lokar

Einu sinni í viku er vinastund þar sem allir í leikskólanum bæði börn og kennarar eru saman komin ýmist inni eða úti, eftir veðri. Ef vinastund er úti þá er hún við varðeld. Vinastund hefst þegar slegið er á þríhorn og fengið er hljóð. Þá er ákveðið upphafslag sungið og síðan er sama lag notað til að enda vinastundina. Vinastund er samverustund þar sem sungið er og/eða fréttir sagðar öllum í leikskólanum.

Samverustund

Í samverustund er lögð áhersla á lýðræðislega fundi barnanna. Samverustund er 9:30/40-10:00 á öllum deildum. Stundirnar fara þannig fram að börn og starfsfólk setjast saman á eggjala gólfmottur sem stuðlar að því að allir sjái hvort annað og geti fylgst betur með umræðunni. Byrjað er á því að fara yfir stöðu dagsins, hverjir eru mættir, veðurfræðing og sjónrænt dagskipulag sett upp með börnunum. Einnig eru börnin hvött til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum þar sem ýmist leikskólakennari varpar fram opnum spurningum eða börnin koma með hugmyndir að umræðuefni. Umræðan í samverustundinni fer eftir aldri og getu barnanna. Áhersla er lögð á að kenna þeim hvernig lýðræðislegar umræður fara fram, hvernig eigi að bera sig að, einn talar í einu og fær orðið með því að biðja um það. Barnið lærir að virða skoðanir annarra og rökstyðja mál sitt.

Einu sinni til tvisvar í viku er sérstök áhersla lögð á þematengt umræðuefni. Þá leggur leikskólakennarinn inn opna spurningu tengda þema og sjónarmið barnanna skráð með nafni og dagsetningu á hugarkort. Börnin hafa alltaf val um að tjá sig ekki ef þau það kjósa en geta komið sinni skoðun á framfæri síðar. Því næst skoða kennarar hugarkort barnanna og koma með innlegg (fræðslu) og í framhaldi af því er verkefnavinnsla. Þetta sama hugarkort er svo dregið upp aftur í áframhaldandi vinnu og upprifjun. Hugarkortin verða líka partur af mati á þroskaferli barnanna í að tjá sig í lýðræðislegum samræðum. Verkefnavinnslan er unnin á mismunandi tímum dags og getur staðið yfir mislöng tímabil. Umræðan og áhugi barnanna á þessu umræðuefni leiðir svo hópastarfið áfram.

Veðurfræðingur

Veðurfræðingurinn er mikilvægur liður í samverustund. Hann er ein leið til að efla barnið á margan hátt: að æfa sig í að koma fram, kenna börnum að lesa í umhverfið, bera ábyrgð á verkefni, efla málörvun, byggja upp sjálfstæði, sjálfstjórn og sjálfstraust. Veðurfræðingurinn eflir sjálfstæði barna á margan máta,

til að mynda segir hann börnunum hvaða föt eru viðeigandi eftir veðri svo þau verða sjálfstæðari við að velja föt og klæða sig út. Að vera veðurfræðingur eflir börnin í að lesa í hitastig og skilja veðurtengd hugtök. Á yngri álfmu er dregið um hvenær börn eru veðurfræðingar, en eldri börnin skrá sig sjálf hvenær í mánuðinum þau vilja vera veðurfræðingar og hafa þannig áhrif á eigið líf í leikskólanum. Foreldrar koma svo oft að þessari upplifun barnanna með því að skoða veðrið að morgni þegar veðurfræðingurinn kemur í skólann.

Veðurfræðingurinn er líka þáttur í því að kenna börnunum að bera virðingu fyrir þeim sem eru að koma fram.

- Sjálfræði, ég sjálf/ur.
- Sjálfstæði
- Sjálfstjórn
- Virðing
- Ábyrgð
- Málörvun
- Læsi í umhverfi
- Sjónarmið
- Foreldrasamstarf

Hópstarf

Í leikskólanum er mikið og öflugt hópstarf þar eiga leikskólakennarar og börn saman lærdómsríka stund um hin ýmsu málefni sem tengjast þema hverju sinni eða áhugasviði barnanna. Í hópstarfi með yngstu börnunum erum við að þróa aðferðafræði uppgötvunarnáms, með eldri börnunum notum við opnar spurningar og byggjum á lýðræðislegri þátttöku allra barna.

Hópstarfið byggist á þremur þáttum, spurningu dagsins, innlögn kennara og verkefnavinnslu. Hópstarfið fer fram í samverustund þar sem allir kennarar ásamt börnum taka þátt. Ýmis viðfangsefni/málefni eru tekin fyrir hverju sinni. Skipulagið er þannig að leikskólakennarinn leggur málefnið inn á borð með opnum spurningum þar sem hann leitast við að fá skoðanir, hugmyndir og vangaveltur barnanna á framfæri. Í samverustundinni/á fundum, sem geta verið félög, fara fram miklar umræður um ýmist fyrirfram ákveðin málefni eða málefni sem koma upp í barnahópnum. Einn leikskólakennari er skipaður ritari, hann skráir niður allt sem fram fer. Leikskólakennarinn gerir svo hugarkort með börnunum og bætir alltaf við sama kortið eftir því sem þekking þeirra eykst á viðfangsefninu, þá með nýjum lit og dagsetningu. Kennari kemur svo með innlögn byggða á umræðum og áhuga barnanna. Leikskólakennarar skipta sér niður eftir áhugasviði til að vinna með börnunum. Næsta skref er verkefnavinnsla út frá áhugasviði barnanna og fer hún fram ýmist í stórum eða litlum hópum eða jafnvel einstaklingslega með leikskólakennara. Samsetning hvers og eins hóps ræðst því af áhugasviði barnanna. Hópstarfið fer fram inni í leikskólanum og í vettvangsferðum. Hópstarfið fer fram hvenær sem er yfir daginn.

Hópstarfið með yngstu börnunum er með svipuðu sniði en þar er þáttur leikskólakennarans að finna hvar áhugasvið barnanna liggur. Leitast er við að hlusta á hvað börnin eru að uppgötva í umhverfinu sínu hverju sinni og vinna út frá því. Gerð eru hugarkort sem sýna hvar áhuginn liggur og unnið svo áfram með viðfangsefnin. Í framhaldi af því er tekið t.d. eitt atriði sem leikskólakennari kemur með innlögn um, til að mynda um bíla, liti, ánamaðka o.s.frv. Hugarkortið er þá dregið aftur fram og bætt við eftir því sem þekkingin eykst. Jafnframt er unnið með árstíðabundnu þema leikskólans og „ég sjálf“ þemanu. Næstu skref er síðan verkefnavinnsla út frá áhugasviði barnanna og fer hún fram ýmist í stórum eða litlum hópum eða jafnvel einstaklingslega með leikskólakennara. Börnin læra að vinna og vera saman í hóp, þau læra að sitja, hlusta, koma fram og að einn talar í einu. Í grunnatriðum læra þau að vera saman, nota skynfæri sín í að uppgötva, prófa, skoða og gera tilraunir með t.d. vatn, leir eða það sem kveikir áhuga þeirra í náttúrunni. Hópstarfið fer fram hvenær sem er yfir daginn.

Samþætting á umgjörð hópastarfs í öllu húsinu er samræmd. Allir starfsmenn taka þátt í hópastarfinu, lögð er inn fræðsla og opin spurning til barnanna í samverustund þar sem sjónarmið allra eru virt og kenndar eru mismunandi aðferðir sem stuðla að lýðræði. Samverustundin er hluti af hópastarfinu. Markmiðið er að allt sem gert er skv. skóladagatali, viðburðir og þema fari fram í umræðu hjá börnunum í samverustundum, sögustundum og á fleiri tímum dagsins. Munum við halda áfram að þróa hópastarfið á þennan hátt en jafnframt leggja áherslu á skráningu og þróa áfram hugarkortin, að lesa í hugarkortið hvað börnin eru að segja.

Flæði

Í flæði er umhverfið skipulagt þannig að börnin geti unnið sjálfstætt, bjargað sér sem mest og borið ábyrgð t.d. hvað varðar frágang og umgengni. Flæði stuðlar að því að öll leiksvæði eru nýtt og áhersla er lögð á að blanda deildunum saman þannig að þau kynnist hvort öðru og geti farið óhindrað á milli verkefna. Í flæðinu eru ýmis verkefni í boði til að mynda vísindakrökur, hlutverkakrökur, bókakrökur, leira, holukubbar, einingakubbar, stórir/litlir legókubbar, spil ásamt ýmsum fínhreyfiverkefnum, skapandi starf, sull og ýmis borðvinna. Við höldum sífellt áfram að þróa og efla skapandi starf og færa það fram í Bjarg- flæðið og einnig inn á yngri gang. Í flæðinu hafa börnin algjört frelsi til velja sér viðfangsefni og leikfélaga, engar fjöldatakmörkanir eru á mismunandi svæðum eða leikjum heldur er stutt við sjálfstæði og ákvarðanarétt barnanna með því að leyfa þeim að leysa ágreining og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þau ákveða sjálf ef þeim finnst vera of margir á tilteknu svæði og taka þá sjálf hvort þau vilji vera á svæði sem er fjölmennt þann daginn eða fara í rólegri leik.

Tónlist

Öll börnin í leikskólanum eru með tónlistaruppeldi alla daga í samverustundum, söngstundum og vinastundum ásamt vikulegum hreyfistundum í Lundi (salnum). Leitast er við að flétta tónlist inn í sjálfsprottinn leik barnanna. Einnig er mikið hlustað á tónlist inni á deildum og notuð eru ýmis tækifæri eða upptökur til þess að hlusta á tónlist og hreyfa okkur frjálst með. Tónlista- og söngstundir verða í samverustundum á yngri deildum. Lögð verður áhersla á tónlist, dans og hreyfingu þar sem börnunum eru kynnt fjölbreytt tónlistarnám, takt, hrynjanda, söng, leiki o.fl. Jafnframt verður aðgengi að mismunandi hljóðfærum fyrir börnin til að kynnast og prófa þau.

Lundur

Vikulegar hreyfistundir í salnum okkar, Lundi, byggjast á upphitun, umræðu, aðalæfingu og slökun. Námsþættir hreyfistundar eru m.a. að æfa jafnvægiskyn og að samhæfa hreyfingu líkamans. Einnig er mikið lagt upp úr fjölbreytileika, tónlist og gleði í stundunum. Hvert barn í leikskólanum fer í skipulagðar hreyfistundir í Lundi einu sinni í viku.

Laupur

Hvert barn hefur einu sinni í viku tækifæri til að velja að fara í listasmiðjuna okkar, Laup. Virtur er sjálfsákvörðunarréttur barnsins um hvort það vilji fara í myndlist og þá hversu lengi í einu með því að skrá sig að morgni. Fjölbreyttur efniviður er nýttur s.s. málning, leir, sandur, gifs og ull. Ásamt því að nota fjölbreyttar kennsluáferðir. Í Laup vinna börnin einnig auglýsingar fyrir hinar ýmsu upptökur í leikskólanum.

Matmálstími

Undirstaða að vel skipulögðu umhverfi eykur vellíðan og öryggi hjá börnum og starfsfólki. Matmálstíminn er ein af mikilvægustu stundum barnsins yfir daginn og leggjum við mikið upp úr sjálfræði barnanna í honum. Við bjóðum upp á flæðismat þar sem börnin nálgast matinn á hlaðborði í Bjargi (matsal). Börnin merkja við sig þegar þau koma inn í Bjarg, sækja áhöldin sem þau þurfa og bera þannig ábyrgð á sjálfum sér. Við teljum að það séu meiri líkur á að barn borði vel sem velur matinn sjálft og finnur að því sé treyst til verksins. Að barn öðlist meiri trú á eigin getu til að stjórna, læra að þekkja og hlusta eftir eigin magamáli. Þá læra börnin einnig að njóta fegurðar, bera virðingu fyrir mat,

taka tillit til annarra, hafa þolinmæði við að bíða eftir að röðin komi að þeim og eiga í samræðum við skólafélaga undir hollri og ljúffengri máltíð.

Markmið okkar í matmálstímum eru eftirfarandi:

- Að virða frelsi barna
- Að börnin beri ábyrgð
- Virða menningarlegan þátt barnanna, veita þeim frelsi og frið til að ræða saman um hvað sem er; mat, vináttu, leiki, hetjur, menningu o.fl.
- Að börn fái val um hvar þau vilja sitja
- Að börnum líði vel í matmálstímum
- Að börn læri að þekkja eigið magamál
- Að stuðla að vellíðan í fallegu og notalegu umhverfi
- Að sérhvert barn geti sett saman eigin máltíð á diskinn sinn, hvað það vill eða þorir að prófa hverju sinni
- Að börnin séu hvött til að smakka mat en hvorki látin eða skipað að gera það

Börnunum er frjálst að sitja hvar sem er og með hverjum sem er. Við matarborðið er stuðlað að samvinnu milli barnanna, þau eru hvött til að biðja um að láta rétta sér, biðja um aðstoð, skammta sér sjálf og svo ganga þau sjálf frá (með aðstoð eftir aldri).

Á yngstu deildum leikskólans taka þau fyrstu skrefin í átt að markmiðum okkar í matmálstímum. Þau læra smátt og smátt að skammta sér sjálf, hella í glasið sitt og ganga frá með aðstoð frá leikskólakennara.

Menningarviðburðir

Í Rjúpnahæð er haldið upp á Alþjóðlega bangsadaginn í október, þá fá öll börnin að koma með bangsa í leikskólann og bangsasögur verða lesnar, spurt er opnum spurningum.

Menningavikur eru í tengslum við Dag íslenskrar tungu. Börnin eru þá hvött til að koma með bækur að heiman og verða þær lesnar í leikskólanum og fá fyrir það málbein frá Lubba. Fræðsla um bækur og meðferð þeirra, rithöfundur kemur og les upp úr eigin bók og tónlistamenn til að halda tónleika fyrir okkur með íslenska tónlist að leiðarljósi og jafnvel fleiri listamenn. Við erum með lestrarátak í tengslum við Lubba námsefnið, þar sem börnin frá málbein fyrir hverja bók sem er lesin heima. Í menningarvikunni er fyrir utan hverja deild bókakassi frá Bókasafni Kópavogs sem foreldrar og börn mega taka eina bók úr á hverjum degi. Hugmyndin er að auka fjölbreytni og gleði í að lesa saman. Í sömu viku er dagur sem við tökum þátt í og heitir „Í þínum sporum“, sem er dagur gegn einelti. Við höfum tekið á móti börnum úr Salaskóla og þau taka þátt í daglegu starfi í leikskólanum með börnunum, meðal annars opnar umræður um „hvað er einelti“? Um jólin byrjum við að halda okkar árlega jólaverkstæði, þar sem börn og foreldrar mæta saman í notalega stund, fönndra, baka laufabrauð og margt fleira skemmtilegt til að undirbúa jólamánuðinn. Við fáum til okkar jólaleikrit og er það í boði Foreldrafélags Rjúpnahæðar. Í heimsókn kemur presturinn í Lindarsókn og segir börnunum jólasöguna, þar sem við munum eiga jólastund saman. Jólabbal og jólamatur er með sérstöku sniði, rauðir dúkar, kertaljós og þjónað til borðs. Einnig er jólakaffið með foreldrum á sínum stað og leitast er við að hafa jólin notaleg og skemmtileg jafnt fyrir börn og starfsfólk.

Á nýju ári er byrjað á því að halda þrettándann hátíðlegan, jólin kvödd með álfabrennu, álfasöngvum og elstu börnin kveikja á blysum ásamt því að bjóða upp á piparkökur.

Á bóndadaginn eða við upphaf Góu er haldið þorablót, þar sem börnunum eru kynntir siðir frá eldri tímum og fá að gæða sér á framandi, gömlum og góðum íslenskum mat. Einnig erum við með rafmagnslausan dag þar sem börnin koma með vasaljós í leikskólann, öll ljós eru slökkt og umhverfið rannsakað úti sem inni. Á þessum degi er jafnframt óeldaður matur, t.d. skyr.

Í kringum öskudag fara börnin að búa sér til öskudagsbúninga, sem þau fá síðan að njóta sín í þegar Öskudagurinn rennur upp. Öskudagsskemmtun er haldinn á Öskudaginn, þar sem kötturinn er sleginn úr tunnunni og allir fá óvæntan glaðning.

Í maí er hið árlega opna hús þar sem við kynnum starfið okkar í heild, þær nýjungar sem við höfum lagt áherslu á yfir veturinn og börnin halda myndlistarsýningu í leikskólanum og í nágrenni við hann.

Sumarskóli Rjúpnahæðar hefst í byrjun júní. Þá er öll starfsemi leikskólans flutt út. Meginmarkmið okkar er að sumarstarfið byggist á gleði og ævintýri. Að það höfði til áhugahvöt hvers og eins til að rannsaka, uppgötva og leita svara í umhverfi sem er viðurkennandi, þar sem bæði barnið og hinn fullorðni fær að njóta sín. Ákveðin viðfangsefni eru í boði á ákveðnum stöðum, innan leikskólalóðarinnar og utan hennar. Í sumarskólanum höfum við 2. , 12. og 29. greinar Barnasáttmálans að leiðarljósi þar sem ríkir jafnræði og allir fá að njóta sín á sínum forsendum, allir hafa rétt á sínum skoðunum og láta þær í ljós og allir fá menntun sem gefur þeim tækifæri til að þroskast á sínum eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Í sumarskólanum eru fjölbreytt svæði í boði, búleikur, frjáls leikur, íþróttasvæði, könnunaraðferð og úrvinnsla, undraland/ævintýri í sandkassa, uppgötvunarsvæði/útikennsla, orðafjör og dans/leiklistarsmiðja.

Sumarhátíð leikskólans og foreldrafélagsins verður síðan haldin í lok sumarskólans. Áætlað er að hún verði með svipuðu sniði og undanfarin sumur, skemmtun barnanna, foreldranna og starfsmanna þar sem byrjað er á Vinastund við eldstæðið, Rjúpnahæðarhlaup, farið er í leiki, ákveðin viðfangsefni í boði, gætt sér á pylsum og horft á skemmtiatriði.

Í ágúst/september er síðan haldin uppskeruhátíð/vika þar sem börnin fá tækifæri til að taka upp úr matjurtargarðinum og borða afrakstur sinn frá sáningu um vorið. Í útverunni þennan dag er tónlist, gleði og dans við lýði. Í matartímanum er lagt á hlaðborð þar sem börnin geta valið sér grænmeti til að gæða sér á ásamt kjötsúpu með góðgæti úr matjurtagarðinum. Börnin fá þennan dag að koma í búningum eða furðufötum, tilbúnum eða þeim sem þau hafa búið til.

Í leikskólanum erum við með berjadaga í tengslum við Alþjóðlegan dag náttúrunnar þar sem börnin tína ber sem þau borða síðan út á skyr, búa til sulta í flæðinu um morguninn og borða að lokum sultuna með vöfflum sem eru á sérstökum kaffihúsadegi.

Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, skóladagatalið, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Vala er samskiptaforrit fyrir forráðamenn og starfsfólk.

Deildarstjórar

Deildarstjórar bera ábyrgð á því að framfylgja áherslum, stefnu og starfsáætlun leikskólans innan deildarinnar. Deildarstjóri ásamt leikskólakennara eru staðsettir inni á deild milli 8:00-9:40, sjá um að setja upp sjónrænt skipulag, mánaðardagatal, skoða hvað er framundan, hvað verður tekið fyrir hópastarfi, þema, hvað þulur eru teknar fyrir, hvernig málörvun er háttáð – halda utan um starfið í heild sinni með skráningu. Þetta auðveldar deildarstjóra að halda utan um og skipuleggja starfið og framfylgja starfsáætlun.

Foreldrasamstarf

Stefna og áherslur

Í Rjúpnahæð er lögð áhersla á góð dagleg samskipti við alla foreldra. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna og veitir leikskólinn þeim stuðning í uppeldinu. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Verkefni foreldraráðs eru:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn.
- Að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Við leikskólann er starfandi foreldraráð. Í því eru 2-6 foreldrar ásamt leikskólastjóra. Fundirnir eru haldnir í leikskólanum með reglulegu millibili. Á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn er í lok september verður kosið í nýtt foreldraráð en þeir sem sitja/sátu í foreldraráði eru:

- Sólborg Ýr Sigurðardóttir
- Berglind Möller

Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Haldinn er fundur í upphafi leikskólaárs fyrir foreldra og forráðamenn. Hugsunin er að foreldrar fái betri innsýn og tengsl við sína deild, stjórnendur leikskólans og aðra foreldra. Að auki senda deildarstjórar fréttir af starfi vikunnar u.þ.b. vikulega og aðstoðarleikskólastjóri sendir tilkynningar og fréttir sem varða leikskólann í heild. Foreldrar eru hvattir til að ræða við kennara eða stjórnendur hafi þeir einhverjar spurningar, áhyggjur eða annað er varðar barnið eða starfið á leikskólanum.

Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi

Í leikskólanum eru haldnir kynningarfundir fyrir foreldra inni á hverri deild þar sem áherslur skólaársins og starf leikskólans er kynnt. Foreldrar fá tækifæri til að koma, hlíða á áherslur og skipulagningu sem við tileinkum okkur ásamt því að geta hitt deildarstjóra og aðra stjórnendur skólans. Jafnframt er aðalfundur foreldrafélagsins haldinn á sama tíma og kynningarfundirnir. Nýjum foreldrum er einnig afhentur kynningarbæklingur með sérstakri áherslu á deild barnsins og hvernig skipulag hennar er háttað.

Í Rjúpnahæð reynum við að miðla upplýsingum og fróðleik til foreldra munnlega og/eða á upplýsingatöflum sem eru staðsettar í fataklefum, í tölvupósti og heimasíðu leikskólans.

Foreldrar eru boðaðir í viðtöl tvisvar sinnum á ári á haustdögum og vordögum. Tilgangurinn með fyrri viðtölunum, í lok október er að veita gangkvæmar upplýsingar um börnin, líðan þeirra og framgang. Viðtölin í lok febrúar eða byrjun mars hafa sama tilgang nema þar bætist við enn frekara mat á þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

Aðlögun

Áframhaldandi þróun til að gera aðlögun barnsins í leikskólann auðveldari. Við erum að þróa áfram þátttökuaðlögun sem hefur sýnt sig að veiti mjög góðan grunn að samstarfi heimilis og leikskóla. Við biðjum foreldra að hjálpa okkur að kynnast barninu enn betur, foreldrar eru beðnir um að koma með fjölskyldublöð (myndir af helstu ættingjum og vinum barnsins) og óskum eftir því að foreldrar geri hugarkort um barnið sitt þar sem áhugasvið og styrkleikar barnsins koma fram. Foreldrar fá eyðublöð að fylla út og afhenda við upphaf aðlögunar, þannig hafa deildarstjórar og sérkennslustjóri yfirsýn yfir málþroska hvers barns í Rjúpnahæð svo snemmtæk íhlutun geti hafist strax ef þess gerist þörf. Tilgangurinn með áframhaldandi þróun við aðlögun nýrra barna er að styrkja enn frekari tengsl heimilis og leikskóla út leikskólagöngu hvers barns.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið. Foreldrasjóður er í leikskólanum sem er nýttur til að greiða kostnað við ýmsa viðburði eða annað sem stjórn foreldrafélagsins ákveður.

Markmið foreldrafélagsins er:

- Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.
- Að tryggja hagsmuni barna.

- Að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.

Á aðalfundi foreldrafélagsins Rjúpnahæð sem haldin er í lok september er kosið í nýja stjórn félagsins. Stjórn foreldrafélagsins er eftirfarandi þegar áætlun er gefin út:

Hildur Jónasdóttir, formaður – Krummahreiður
 Helga Hilmarsdóttir - Krummahreiður
 Guðný Jónasdóttir – Krummahreiður
 Brynjar Þór Þórarinsson – Krummahreiður
 Aldís Eva Kristjánsdóttir – Álftahreiður
 Anna Sigurðardóttir – Álftahreiður
 Lynda Hrönn Margrétardóttir – Arnarhreiður
 Fjóra Katrín Steinsdóttir, ritari – Arnarhreiður
 Helena Gunnarsdóttir – Spóahreiður
 Sólrún Helga Ingibergsdóttir – Spóahreiður
 Hildur Ýr Þórðardóttir, gjaldkeri – Lóuhreiður
 María Dögg Elvarsdóttir – Lóuhreiður
 Gréta María Dagbjartsdóttir – Þrastarhreiður
 Margrét Bjarnadóttir – fulltrúi leikskólans

Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð barna og starfsfólks í Rjúpnahæð og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barnanna og starfsfólks. Greiðsluseðlar eru sendir tvisvar á ári vegna árgjaldsins, sem er 3000 kr. og mun það nýtast í ýmsar upptökur og fleira í þágu barnanna s.s. vorferð, útskriftarferð, leiksýningu og jólagjafir.

Starfsmenn

Starfsmannastefna

Unnið er samkvæmt mannaútsafnu, þar sem hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín með lýðræði að leiðarljósi. Þegar upp koma ágreiningar, erfiðleikar eða önnur verkefni, er yfirleitt haldinn fundur með með þeim sem eiga í hlut, jafnvel öllu starfsfólkinu það fer eftir eðli málsins. Lýðræðið er alltaf að leiðarljósi, skoðanir allra fá að koma fram og kallað eftir tillögum allra að betrumbótum og fundurinn miðast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu til að vinna eftir. Við trúum því að fjölbreytileiki einstaklingsins sé styrkur, jafnt hjá starfsfólki börnunum. Samstarf, gagnkvæm virðing og samvinna milli starfsfólks við að leysa þau mál sem upp koma hverju sinni hafa grundvallar þýðingu fyrir gæði starfsins, starfsánægju og vellíðan í starfi. Leikskólastjóri talar við starfsfólk einslega með mjög reglulegu millibili og tekur fólk á eintal hvenær sem þörf er á, bæði til að hrósa og leiðbeina. Dyr leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru ávallt opnar starfsfólki sem er óhrætt við að leita til þeirra. Starfsmenn eru upplýstir um rétt sinn í starfi, möguleika til menntunar og starfsþróunar bæði í einstaklingssamtölum og á starfsdögum.

Handleiðsla

Hverfi 201 og 203 í Kópavogi hafa verið með handleiðslu fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Við höfum einnig nýtt okkur handleiðsluna í erfiðum málum sem upp hafa komið í barnahópnum á fagfundum. Við höfum einnig þróað leiðir til að handleiða og takast á við þau vandamál sem upp koma innan Rjúpnahæðar. Við höfum þróað aðferð til að byggja upp teymisvinnu, sú aðferðafræði byggist á því að teymið kemur sjálft með lausnina. Aðferðina köllum við - Leiðir til lausna.

Nýir starfsmenn

Á vegum menntasviðs Kópavogsbæjar er boðið uppá námskeið fyrir nýja starfsmenn þar sem farið verður í grunnþætti sem lúta að leikskólastarfi. Í Rjúpnahæð er nýtt starfsfólk tekið í viðtal af leikskólustjóra/aðstoðarleikskólustjóra og stefna leikskólans kynnt, áherslur í starfi og húsnæðið skoðað vandlega. Aðstoðarleikskólustjóri fylgir síðan nýjum starfsmanni eftir með reglulegum fundum. Starfsmenn eru síðan kynntir fyrir öðru starfsfólki og settir í umsjón deildarstjóra til að kynna og leiðbeina þeim í gegnum daglegt starf á þeirri deild sem starfsmaðurinn fer á og deildastjóri tekur síðan frammistöðuviðtal eftir mánuð í starfi. Starfsmannahandbók fyrir nýtt starfsfólk er til staðar til þess að það geti nýtt sér fróðleik og upplýsingar um starfið enn frekar í leikskólanum.

Áherslur í samstarfi

Deildarfundir kennara eru tvisvar í viku hjá eldri börnum og einu sinni hjá þeim yngri. Annar fundurinn er til að fara yfir hópastarf, hvað við leggjum áherslu á hverju sinni og hinn í almennt skipulag og áherslur á deildinni. Álmufundir eru haldnir hálfmánaðarlega, á þeim fundum er verið að þróa hópastarfið og flæðið. Álmufundina notum við til að samræma og upplýsa hvort annað og auka enn frekari samvinnu milli deilda.

Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks.

Starfsfólki gefst auk þess kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf. Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starfsfólk og fær það afhent gögn til lestrar. Allt starfsfólk hefur aðgang að leikskólustjóra/aðstoðarleikskólustjóra hafi það einhverjar athugasemdir eða umkvartanir, stjórnendur eru einnig vakandi fyrir því að hrósa samstarfsfólki fyrir vel unnin störf og leiðbeina eftir þörfum.

Samsetning starfsmannahópsins

Miðað við fullskipaðan leikskóla er gert ráð fyrir um það bil 31 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólustjóra, 50% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólustjóra, 75% stöðu sérkennslustjóra og 2 stöðugildi í eldhúsi.

Samstarf við grunnskóla

Í Rjúpnahæð og Salaskóla er gott samstarf og á haustin funda skólarnir saman ásamt leikskólanum Fífusölum. Samstarfið byggist aðallega á því að nemendur/börn leikskólans og grunnskólans fá að hittast og kynnst aðstæðum á hvorum staðnum fyrir sig. Börnunum í leikskólanum er boðið í heimsókn í Salaskóla þar sem tekið er á móti þeim í fataklefanum og þau fara síðan út og kynnst leiksvæðinu í kringum skólann. Næst fara þau í samsöng með yngsta stigi grunnskólans og að lokum fara þau inn í bekk, fá að fylgjast með og taka þátt í þeirra starfi. Eins koma nemendur Salaskóla í heimsókn í leikskólann og hitta og taka þátt í starfi barnanna á útsvæði leikskólans. Að auki fara svo börnin í Rjúpnahæð í vorskóla en það er í höndum foreldranna. Allt námið í leikskólanum er grunnur að frekara námi í framtíðinni. Rjúpnahæð hefur undan farin ár nýtt húsnæði Salaskóla í sumarskóla með Fífusölum í góðri samvinnu. Þann 8. nóvember er dagur gegn einelti, þá komu namar úr elstu bekkjum Salarskóla til okkar.

Samstarf við aðra

Leikskólinn hefur mikil samskipti og greiðan aðgang að leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa og sérkennslufulltrúa. Leikskólasérkennari og deildastjórar hafa samvinnu við sálfræðing, talmeinafræðing og iðjuþjálfva vegna innra starfs og einstakra barna í samvinnu við foreldra þeirra.

Leikskólinn mun einnig vera í góðu samstarfi við aðra leikskóla bæjarfélagsins og þá sérstaklega í hverfi 201 og 203. Gott samstarf er og verður við Lindarsókn og kemur Guðmundur Karl, prestur sóknarinnar í heimsókn til okkar og segir börnunum jólasöguna. Við höfum einnig fengið húsnæði Lindarkirkju lánað fyrir stærri viðburði.

Mat og matsaðferðir

Starfið í Rjúpnahæð er metið með spurningalistum eftir hvern viðburð sem á sér stað yfir skólaárið. Við setjum okkur markmið fyrir hvern atburð út frá meginmarkmiði leikskólans með mismunandi teymum til að tryggja að það sé markvisst mat á viðburðunum. Við gerum starfsáætlanirnar okkar að lifandi vinnugagni þar sem við leggjum áherslu að hún sé sýnileg og skráð jafnóðum, hvað tókst vel og hvað mætti betur fara. Þetta er vikulega á skráningarblöð á deildarfundum.

Innra mat í leikskólanum Rjúpnahæð hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarnanna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem ber samkvæmt lögum um leikskóla.

Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er það kallað innra mat og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggi á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Innra mat er fagleg ígrundun og fagleg greining á gögnum um leikskólastarfið þar sem metið er hversu vel hefur tekist að ná markmiðum sem lagt var upp með og út frá fyrirframgefnum viðmiðum.

- Skipuleggja þarf matið þ.e. hvaða markmiðum viljum við ná.
- Gagnaöflun þ.e. hvaða matsaðferðir notum við til að meta þau markmið sem voru sett (hvernig vitum það).
- Greining á niðurstöðum þ.e. greina styrkleika (það sem við gerum vel) og veikleika (það sem við þurfum að gera betur) innan leikskólans.
- Umbætur: Hvernig getum við bætt okkur; Hvaða lærdóm getum við dregið af niðurstöðum; Hvernig komum við í veg fyrir að endurtaka mistök; Hvernig gerum við enn betur?

Börn

Börnin meta skólastarfið árlega og eru matsaðferðir breytilegar og aðlagðar þroska barnanna.

Leiðir sem við förum til að kenna börnunum að koma sínum skoðunum á framfæri eru; að hlusta á hvað börnin hafa að segja, fá fram þeirra sjónarmið á hinum ýmsu málefnum í þjóðfélaginu, umkvartanir þeirra og tillögur sem þau komu á framfæri varðandi það sem er bilað eða þyrfti að breyta í starfinu, hvernig þeim líður, hvað má bæta við starfið og eins ef ágreiningur á milli þeirra kemur upp. Börnin eru ávallt spurð opinna spurninga til að fá fram þeirra sjónarmið. Börnin vildu t.d. hafa áhrif á hvenær þau færu út og með hverjum og fá núna að ráða því. Þau hafa einnig áhrif á það hvenær í mánuðum þau vilja vera veðurfræðingur á elstu deildum, þau skrá nafn sitt fyrir framan þann mánaðardag sem þau kjósa að vera veðurfræðingur. Börnin fá með þessu móti tækifæri til að leiða áfram starfið okkar á sínum forsendum, með þeirra þarfir og sjónarmið að leiðarljósi.

Áhersla er jafnframt lögð á að öll börn eru allra börn og allir séu jafnvígir. Það má segja að þróun í lýðræðislegum vinnubrögðum hafi skilað góðum árangri en kallar jafnframt á enn frekari lausnir til að koma til móts við börnin og að starfsmenn nái að tileinka sér þessar leiðir.

Hvernig við hlustum á börnin:

- Koma skoðunum sínum á framfæri til kennara
- Fundir
- Hugarkort (opnar spurningar)
- Lýðræðislegar kosningar og umræður
- Samverustundir
- Veðurfræðingur
- Hópastarf
- Gæðastundir
- Samsöngur

Starfið er metið með börnunum á ýmsan máta, hver deildarstjóri hefur svigrúm til að velja sér þá leið sem hann vill fara ýmist með því að taka viðtöl við börnin, skrá niður eftir hópastarfssumræðu með hugarkorti, skoða teikningar barnanna, myndbandsupptökur og meta starfið út frá ljósmyndum úr starfinu.

Sérkennsla

Við leggjum fyrir staðlaðar skimanir og próf svo hægt sé að grípa inni þroskafrávik með snemmtækri íhlutun og aukinni málörvun eða sérkennslu eftir þörfum barnsins í samstarfi við foreldra og deildarstjóra.

Skimanir og próf:

- Hljóm-2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund fimm ára barna.
- EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.
- TRAS er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna.

Haldið verður áfram að virkja sjónrænt skipulag og samræma það enn frekar á milli deilda með tilliti til þroska og getu barnanna. Unnið verður áfram að því að þróa aðferðafræði sem stuðlar að því að ná betri tókum á því að þeir einstaklingar sem þurfa á þjónustunni að halda fái viðeigandi aðstoð. Aðferðafræðin byggist á því að dreifa ábyrgð á hinum ýmsum þáttum sem varða börnin. Myndað er teymi og að einn af þeim ber ábyrgð á heildrænni þjálfun. Í málörvun notum við ýmis námsgögn, t.a.m. námsefnið Lubbi finnur málmbein og Tákni með tali og áhersla lögð á að vinna markvisst með það í söng, leik og starfi. Einn tengiliður er á hverri deild til að samræma og yfirfara þá vinnu sem á sér stað á deildinni.

Starfsfólk

Kópavogsbær sendir út stjórnendakönnun annað hvert ár. Við nýtum okkur starfsmannafundi og fagfundi til að meta starfið jafnóðum yfir skólaárið.

Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið reglulega með margvíslegum hætti m.a. á deildarfundum, starfsdögum og í samvinnu við Kópavogsbæ sem sendir út spurningakannanir.

Forráðamenn

Starfið er metið með spurningalistum eftir hvern og einn viðburð sem á sér stað yfir skólaárið. Við setjum okkur markmið fyrir hvern atburð með mismunandi teyimum til að tryggja að það sé markvisst mat á viðburðunum. Við gerum starfsáætlanirnar okkar að lifandi vinnugagni þar sem við leggjum áherslu að hún sé sýnileg og skráð jafnóðum, hvað tókst vel og hvað mætti betur fara. Þetta er gert vikulega á skráningarblöð á deildarfundum.

Innra eftirlit

Öryggisvörður- leikskólastjóri er sjálfskipaður

Öryggistrúnaðarmaður - Fulltrúi starfsmanna og kosinn eitt ár í senn

- Deildarstjóri sér um að koma upplýsingum til öryggisvarðar ef eitthvað er ábótavant varðandi öryggi barnanna á deildum.
- Einn tengiliður er við öryggisfulltrúa á hverri deild (kladdastjóri) og er það í hans höndum að bera ábyrgð á viðverulista ef t.d. til bruna kæmi.
- Öryggisfulltrúi eitt - sér um inni eftirlitið, hann er kosin í ár í senn. Hlutverk hans er að fara vikulega yfir leikskólann og fylgja eftir öryggisblöðum frá heilbrigðiseftirlitinu, ásamt því að fara yfir sjúkrakassa.
- Öryggisfulltrúi tvö - sér um útieftirlit, hann er kosin í ár í senn. Hlutverk hans er daglegt eftirlit og einu sinni í viku er ítarlegt eftirlit og fylgir hann eftir öryggisblöðum frá heilbrigðiseftirlitinu.
- Öryggisfulltrúi þrjú - sér um mánaðareftirlit - fylgir eftir öryggisblöðum frá heilbrigðiseftirlitinu.

- Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri – sjá um árseftirlit - fylgja eftir öryggisblöðum frá heilbrigðiseftirlitinu.
- Öryggisfulltrúi eldhús - hlutverk er að uppfylla Gámes – þrifaáætlun.
- Öryggisfulltrúi - Eldvarna/jarðskjálftar - hlutverk sér um fræðslu og eftirfylgni á hlutverkaskiptingu varðandi rýmingu á svæðum og skipuleggur brunaæfingar með leikskólastjóra.

Öryggisfulltrúar eru tengiliðir við öryggisvörð og við leikskólastjóra. Ef eitthvað er ábótavant kemur ábyrgðaraðili til öryggisvarðar og gengið er beint í verkefnið.

Öryggismál

Öryggismál eru í föstum skorðum í Rjúpnahæð. Á skipulags- og námskeiðsdögum eru haldnir fyrirlestrar er varða öryggismál skv. Öryggishandbók um velferð og öryggi barna í leikskólum.

Ef slys verður í leikskólanum er farið eftir verkferlum Öryggishandbókar og rekstrarhandbók fyllt eru út slysaskráningablöð af viðkomandi starfsmanni ásamt því að hringja í foreldri og láta vita hvað hafi gerst, um leið eru slysin skráð inn í atvik sem er sértakt smáforrit sem heldur utan um slys. Öryggismöppur eru staðsettar við inngang að fataherbergi þar sem starfsmenn og tengiliðar öryggistrúnaðarmanns geta tekið með sér ef til þarf.

Öryggisnefnd

Starfandi er öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður sem hittast eftir þörfum á fundi og fara yfir öryggismál í leikskólanum. Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður gera jafnframt áhættumat er varðar öryggi og aðbúnað starfsmanna reglulega. Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður hafa sótt námskeið reglulega hjá Vinnueftirliti ríkisins. Leikskólanum er skipt upp í öryggishólf þar sem viðkomandi leiðbeiningar og áhöld er varða öryggismál eru staðsett. Mismunandi hlutverk er varðar öryggismál eru í höndum margra öryggisfulltrúa sbr. útieftirlit, innieftirlit, eftirlit með útilóð, eftirlit með sjúkrakössum o.fl.

Áfallaráð

Starfandi er áfallaráð í leikskólanum sem skipa leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra.

Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs

Innra mat í leikskólanum Rjúpnahæð hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarnanna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem ber samkvæmt lögum um leikskóla.

Mat á skólastarfi er tvíþætt: annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er það kallað innra mat og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta og menningarmála eða annarra aðila.

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggi á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Innra mat er fagleg ígrundun og fagleg greining á gögnum um leikskólastarfið þar sem lögð er áhersla á hvernig hefur tekist að ná markmiðum sem lagt var upp með og út frá fyrirframgefnum viðmiðum.

Skipuleggja þarf matið þ.e. hvaða markmiðum við viljum ná hverju sinni.

Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir

Í Rjúpnahæð er unnið með ákveðið efni eða þema. Ég sjálf/ur er þema sem ávallt er unnið með í leikskólanum. Stígandi er í þróun þema eftir aldri, börnin læra að þekkja sjálfan sig, byggja upp sjálfstjórn, stuðla að sjálfstæði, taka ekki öllu sem gefnu, segja sína skoðun, komast að samkomulagi, hvernig er ég, tilfinningar o.fl. Unnið með lýðræði með elstu börnunum, í gegnum þema. Við erum að þróa aðferðir og leiðir sem stuðla að lýðræði, aðferðir sem eru notaðar til að tryggja jafnræði í skoðanaskiptum, taka sameiginlegar ákvarðanir, að bera ábyrgð á verkefni einstaklingslega eða með fleirum að bera ábyrgð á sjálfum sér. Að stýra fundum einstaklingslega eða með fleirum. Unnið er að því skoða hvað það er sem börnin geta haft áhrif á í leikskólanum. Unnið með traust og virðingu. Unnið er með þetta efni/þema á margvíslegan hátt, börnin læra að nota öll skilningarvit og mismunandi vinnuaðferðir við að nálgast viðfangsefnið.

Þema sem unnið er með í skemmri eða lengri tíma getur þróast eftir áhuga barnanna og ýmsu því sem kemur upp í hópvinnu, daglegu starfi og árstíðum í leikskólanum. Unnið er út frá könnunaraðferðinni á elstu deildunum og uppgötvunarnámi ásamt könnunarleiknum á yngstu deildinni.

Í Rjúpnahæð eru eftirfarandi fyrirfram ákveðin þema bundin árstíðum:

- Gróðursetning að vori
- Dagur íslenskrar náttúru
- Uppskeyra í ágúst/september – uppskeruhátíð
- Berjavika, þar sem börnin tína ber, sulta í flæði, vöfluhátíð með tilheyrandi
- Í þínum sporum.
- Alþjóðlegi tungumáladagurinn.
- Dagur friðar.
- Dagur mannréttinda barna.
- Menningarvikur, tveim vikum fyrir Dag íslenskra tungu eru bókavikur þar sem börnin eru hvött til að koma með bók að heiman, unnið með fræðslu, ljóð, lestur. Ýmsir listamenn, rithöfundar, tónlistarfólk, leikarar koma í heimsókn.
- Jólaverkstæði, fyrir jólamánuðinn er unnin verkstæðisvinna um allt hús
- Jólamánuðurinn, unnið með fræðslu, leikrit, jólamatur og jólaball
- Þrettándinn, unnið með fræðslu, piparkökuhús brotið og haldin hátíð
- Rafmagnslausi dagurinn, börnin koma með vasaljós í leikskólann og öll ljós slökkt, unnið með gamla daga í tengslum við rafmagnsleysið
- Þorrinn, unnið með fræðslu, hattagerð og víkingahátíð (þorrablót)
- Öskudagurinn, unnið er að búningagerð, fræðslu og hátíð

- Fræðsla og umfjöllun um sprengidag og bolludag
- Páskar, unnið með fræðslu og skapandi starf
- Sumarskóli, unnið í rannsóknar- og vísindastarfi, fræðsla, vettvangsferðir, gróðursetning, sumarhátíð og landnemahátíð
- 17. júní, unnið með fræðslu og hátíðarkaffi

Við fléttum starfið inn í grunnþætti menntunar skv. Aðalnámskrá leikskóla.

Markmið okkar er....

- að vinna sem ein heild að sameiginlegu takmarki
- að skipulag og vinnuumhverfið henti starfsmönnum þannig að þeir geti þróað sjálfan sig í starfi, séu öruggir, að þeir finni að þeir skipta máli og líði vel
- að allir starfsmenn séu virkir og ábyrgir þátttakendur í að framfylgja þeirri stefnu sem leikskólinn stendur fyrir
- að stuðla að samvinnu allra fag- og uppeldisstétta
- að lýðræðisleg vinnubrögð séu höfð leiðarljósi
- að skipulag og vinnuumhverfi barnsins stuðli að sjálfstæði þeirra og læsi á umhverfið sitt
- að börnin fái meiri hlutdeild í starfinu s.s. taki ábyrgð á hinum ýmsu verkefnum í umhverfi sínu
- að stuðla að jafnræði allra barna
- að koma til móts við þarfir allra barna
- að efla félagslegan þroska barna og stuðla að umburðarlyndi og tillitsemi gagnvart öðrum
- að styrkja barnið í að taka sjálfstæðar ákvarðanir, tjái sig opinskátt og geti rökstutt mál sitt
- að byggja upp sjálfstjórn
- að efla alhliða þroska barna og auðvelda þeim þannig að takast á við lífið og framtíðina á ábyrgan hátt
- að unnið sé samkvæmt heildstæðri skólastefnu að sérkennslumálum með áherslu á að allir starfsmenn séu jafnvígir á öll börn
- að unnið sé að sjálfbærni barna í umhverfinu sínu

Það sem vel var gert

Það sem einkennir okkar starfsmannahóp er samheldnin og að líta á allar hindranir sem áskoranir þar af leiðandi er starfið okkar í stöðugri þróun. Við erum stöðugt að þróa leiðir sem stuðla að sjálfræði barnanna með lýðræði að leiðarljósi.

Hugarkort

Á síðasta leikskólaári lögðum við áherslu á að skoða og þróa hvernig kennarar lesa hugarkort barnanna og halda áfram með þá vinnu út frá þeirra svörum. Að hafa hugarkortið sem lifandi plagg og því hægt að bæta inn á það.

Sjálfstjórn

Stöðugt er verið að byggja upp sjálfstjórn barnanna með því að þau þjálfist í að hlusta og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Í daglegu starfi vinnum við með það í samverustundum, hópstarfi, veðurfræðing, menningavikum, uppákomum o.fl.

Ábyrgð

Við erum að vinna að því að byggja upp sjálfstæði barnanna til að taka sínar eigin ákvarðanir með því að stuðla að eigin ákvörðunartökum og fylgja eftir sinni ákvörðun, bera ábyrgð á verkefnaferlinu. T.d

að ákveða hvenær barnið vill fara út, hvenær það fer að borða, hvenær það vill fara í Laup – skrá sig í Laup og láta vita þegar það býið, fylgja eftir verkefnavinnslu eins og t.d öskudagsbúningagerð.

Lýðræði

Við erum að samræma og þróa aðferðir sem stuðla að lýðræði. T.d að barn hafi val til að tjá sig ekki/segja sína skoðun, kosningar um ýmsar ákvarðanir og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Sjálfræði

Að skoða merkingu á orðinu sjálfræði, hvað þýðir að ráða sjálfur, hverju ráðum við og hverjum ráðum við ekki.

Friður

Leikskólinn Rjúpnahæð hlaut þann mikla heiður að taka þátt í friðardegi sem var haldinn af ráði Evrópskra Formæðra (Council of European Grandmothers) í samvinnu við Íslandsdeild Sameinuðu þjóðanna í Mosfellsbæ þann 21.september 2019. Monika Abendroth var ábyrgðaraðili þessa verkefnis hér á Íslandi.

Ráð Evrópskra Formæðra samanstendur af 25 konum frá 15 löndum í Evrópu. Eitt af markmiðum ráðsins er að skila mannlegum og byggilegum heimi til næstu kynslóða.

Á hverju ári er haldið þing þar sem ráðið leitast við að þróa og efla hugsjónir í tengslum við þessi markmið. Aðalumræðuefnið á þinginu í ár er friður sem nær hápunkti þegar friðardagurinn á sér stað.

Rjúpnahæð tók þátt í opnun friðardagsins með sýningu á verkum barna leikskólans. Sýningin byggði á túlkun barnanna á friði sem var unnin út frá stefnu leikskólans sem byggist á sjálfræði með lýðræði að leiðarljósi þar sem hlustað er á raddir og sjónarmið barnanna í samræmi við 12. og 13 grein barnasáttmálans.

Í tengslum við verkefnið voru börnin spurð ýmissa opinna spurninga sem tengjast friði. Fyrst voru börnin spurð hvað friður væri? Ýmis svör og vangaveltur áttu sér stað um hvað þetta orð þýddi. Því næst túlkuðu börnin svör sín á myndrænan hátt og í framhaldinu bjó hvert og eitt barn til sögu um frið. Í framhaldinu var skoðað hver túlkun fræðimanna á orðinu friður væri. Þegar þeim umræðum var lokið voru börnin spurð ýmissa spurninga sem tengjast friði:

Hvað er að vera jákvæður?

Hvað er innri ró?

Hvað er að hugsa jákvætt um aðra?

Hvað þurfum við til að líða vel?

Þegar að þér líður vel hvaða litur finnst þér fallegur?

Hvað þarf blóm að vaxa og líða vel?

Hvað er lýðræði?

Hvað er samvinna?

Hvað er ábyrgð?

Hvað er að hafa áhrif?

Hvað er að taka sameiginlegar ákvarðanir?

Hvað er að komast að samkomulagi?

Þegar þessar spurningar voru spurðar og svörin rædd var stuðst við lýðræði, jafnrétti og jafnræði. Æfðar voru leiðir í lýðræði með börnunum, þeim var gert grein fyrir því að þau hafa alltaf rétt til að segja sína skoðun eða kjósa að sitja hjá, að það væri ekkert rétt eða rangt svar.

Börnin voru beðin um að segja frá svari sínu og svör þeirra síðan skráð niður á hugarkort.

Börnin í Rjúpnahæð hafa verið að vinna að sameiginlegum verkefnum sem tengjast friði og barnasáttmálanum. Dæmi um slíkt verkefni er tré sem börnin bjuggu til sem endurspeglar hugmynd okkar um hvað þarf að vera til staðar til að við sem einstaklingar náum að vaxa og dafna í lýðræðislegu samfélagi þar sem ríkir traust, gagnkvæm virðing og jákvæðni. Börnin voru spurð opinnar spurningar sem tengjast þessu verkefni.

Hvað þarf tré til að því líði vel og geti vaxið og dafnað?

Hvað þarf blóm til að vaxa, dafna og líða vel?

Því rétt eins og tréð þá þörfnumst við mannfólkið einnig virðingu, traust umhverfi, stuðning og frelsi til að vera við sjálf.

Barnasáttmáli

Hugmyndafræði leikskólans sem er sjálfræði með lýðræði að leiðarljósi byggir á aðferðafræði sem tengist Barnasáttmálanum. Í leikskólanum vinnum við markvisst að fá fram sjónarmið barnanna, heyra raddir þeirra og sýna þeim hvernig þau geta haft áhrif á sitt eigið líf.

Heimsmarkmið

Í leikskólanum erum við að vinna að dýpka heimsmarkmiðin. Við teljum okkur standa vel á mörgum sviðum. Við munum halda áfram að samþætta starf okkar við heimsmarkmið. Hausti 2019 vorum við mikið að vinna með að minnka notkun á pappír og plasti sem gekk mjög vel. Þegar Covid-19 heimsfaraldur skall á urðum við að bakka aðeins í þeim efnum þar sem við þurftum að nota meiri öryggisbúnað varðandi sóttvarnir t.d plast hanska, einnota grímur, pappír og fleira.

Námssvið

Grunnþættir menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskólanna læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun. Allt eru þetta þættir sem unnið er markvisst að í leikskólanum Rjúpnahæð.

Mat og matsaðferðir

Margir viðburðir eiga sér stað yfir skólaárið sem tengjast því sem á sér stað í þjóðfélaginu. Við metum jafnóðum þessa viðburði til þess að geta skoðað hvað má betur fara fyrir næsta skólaár, þetta eru viðburðir eins og uppskeruvikan, menningardagar, jólin, þorrinn, rafmagnslausi dagurinn, öskudagur, opið hús o.fl. Við leitumst við að fá svör við því hvernig gekk og hvað má betur fara þá sérstaklega sem snýr að skipulagi. Jafnframt þegar farið er af stað með nýja viðburði er endurmat síðasta árs tekið á fundi áður en framhaldið er ákveðið. Í heildina hafa þessir viðburðir allir gengið mjög vel þar sem mjög gott og aðgengilegt skipulag er nú þegar fyrir hendi og reynt er að upplýsa alla starfsmenn vel jafnóðum. Það sem kom fram er að í einstaka tilfellum þarf að skoða tímasetningar og minniháttar breytingar er snúa að skipulagi. Það sem er alltaf jafn ánægjulegt er að niðurstöður endurmats sýndu hversu meðvitaðir starfsmenn eru orðnir um skipulag, undirbúning, til hvers er ætlast til af þeim og þátttaka þeirra er mikil.

Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Í heild sinni gekk mjög vel að framfylgja starfsáætlun síðasta árs. Áframhaldandi þróun á síðasta ári í skráningu og varðveislu á upplýsingum tókst vel. Við teljum okkur samt sem áður þurfa að halda áfram að finna leið til að virkja alla starfsmenn í að vera virkari og finna gildi þess að skrá.

Áframhaldandi þróun á sér stað í lýðræðislegum vinnubrögðum, börnin eru virkir þátttakendur og kunna orðið betur að hlusta, virða og taka þátt í lýðræðislegum umræðum. Læsi í umhverfinu hefur þróast í rétta átt en enn má bæta samræmingu milli deilda t.d. varðandi áherslu á sýnileika dagsskipulagi eða mánaðardagatali. Þróun á hugarkortum gengur vel þar sem við leggjum upp með að hugarkort sem lifandi plagg, því meira sem þau fræðast því meira kemur á hugarkortið frá börnunum.

Þróun á heilbrigði og vellíðan barnanna gekk mjög vel, áherslan í vetur var á vellíðan, unnið var með spurningar og vangaveltur um innri ró, líðan og frið. Við náðum settum markmiðum varðandi heilsueflingu, útikennslu og bættu matarræði. Jafnframt hefur áherslan á að börnin flokki rusl og skammti sér sjálf haldið áfram og er á réttri leið.

Eins og undanfarin ár gekk vel að leggja áherslu á lýðræðislegar umræður, að hlustað sé á börnin, tilfinningar þeirra og þau læri að rökstyðja mál sitt með Barnasáttmálann til hliðsjónar.

Hópastarfið festist enn betur í sessi hvað snertir starfsaðferðir og samræmd vinnubrögð milli deilda. Leikskólakennarar urðu öruggari í samræmdum vinnubrögðum og hvernig áherslur í hópastarfi ættu að vera. Við sjáum þó að enn þarf að dýpka skilning kennara á því hvernig þeir lesa úr hugarkortum barnanna og hvert það leiðir þá með börnunum í áframhaldandi vinnu. Hvernig kennarinn leyfir verkefninu að fljóta á forsendum barnanna án stýringar.

Flæðið hélt áfram að þróast á jákvæðan hátt en enn má bæta virkni og skilning starfsmanna hvenær þeir eiga að taka þátt í leik barnanna. Fjölbreyttur efniviður var í flæðinu - bæði á eldri og yngri gangi, sull, leir og tilraunir.

Börn

Leikskólaárið 2019-2020 voru samtals 103 börn í Rjúpnahæð.

Börn fædd 2018 voru 8

Börn fædd 2017 voru 18

Börn fædd 2016 voru 32

Börn fædd 2015 voru 24

Börn fædd 2014 voru 21

Flest börnin voru í heilsdagsrymum, 8-9 tímum.

Sérkennsla

Börn sem nutu sérkennslu og fengu stuðningstíma á deild sinni eru eftirfarandi:

Álftahreiddur: 4 tímar á dag

Arnarhreiddur: 6 tímar á dag

Krummahreiddur: 12 tímar á dag

Þrastahreiddur: 4 tímar á dag

Mat forráðamanna

Á hverju ári metur foreldraráðið starfsáætlun leikskólans, jafnt og þétt eru haldnir fundir með foreldraráðinu þar sem leikskólastarfið er rætt ásamt stefnubreytingum ef við á.

Við höfum notast við Survey Monkey til þess að senda út kannanir til foreldra um ýmsa viðburði, breytingar o.fl sem viðkemur foreldrum og börnum. Það hefur reynst vel að fá svörun frá foreldrum og hentar þetta mat okkur mjög vel og gefur góða sýn á viðhorf og mat foreldra á starfinu.

Samsetning starfsmannahópsins

Haustið 2019 voru 38 starfsmenn í 30,36 stöðugildum ásamt 2 í ræstingu. Inni í þessum stöðugildum eru bæði veikindaafleysing, afleysing vegna undirbúnings og skóla. Síðastliðinn vetur voru áætluð 3,5 stöðugildi vegna sérkennslu og auk þess 75% sérkennslustjóri. Einn leikskólakennari var í fæðingarorlofi sem kom um miðjan vetur og annars starfsmaður fór í fæðingarorlof. Nokkrir starfsmenn voru jafnframt í námi með vinnu.

- 1 leikskólastjóri
- 1 aðstoðarleikskólastjóri
- 1 sérkennslustjóri - þroskaþjálfari
- 3 leikskólakennarar með deildarstjórn
- 1 Bs.félagsfræði með deildarstjórn
- 2 leikskólaliðar með deildastjórn
- 2 uppeldis-og menntunarfræðingar í stuðning
- 1 leikskólakennari
- 1 leikskólakennari – sérgreinastjóri
- 1 grunnskólakennari
- 1 myndlistarkennari með umsjón í myndmennt
- 1 íþróttakennari
- 1 þroskaþjálfari með stuðning
- 1 leikskólaliðar
- 15 leiðbeinendur,og ein í fæðingarorlofi
- 1 matráður/matreiðslumeistari
- 1 aðstoðarmaður í eldhúsi
- 2 starfsmenn í ræstingu

Mat starfsmanna

Á síðasta leikskólaári tóku við upp þá nýbreytni að nota markþjálfun. Spurð var opin spurning til starfsmanna á fundi, hvernig getur þú orðið besta útgáfan að sjálfum þér í vinnu? Í framhaldi af því voru viðtöl við einn og einn starfsmann og umræðan var þá útfra svari starfsmannsins, þetta reyndist mjög vel. Hver starfsmaður var tekin í viðtal 2-3 sinnum.

Í gegnum leikskólaárið er alltaf símat þar sem stjórnendateymi leikskólans veitir greiðan aðgang til viðtala og frammistöðumats.

Stjórnendakönnun var gerð haustið 2019 þar sem stjórnendateymið var metið í heildsinni sem leiðandi afl leikskólans. Í heildina kom könnunin vel út.

Mat starfsmanna var einnig í Skólapúlsinum þar sem kom okkur sérstaklega á óvart þar er að starfsmenn teldu sig alltaf vera í þróunarstarfi þrátt fyrir að það væri ekki skipulagt þróunarstarf. Önnur niðurstaða sem mjög ánægjuleg var að starfsandi leikskólans skoraði með þeim hæstu á landsvísu þrátt fyrir að einn starfsmaður upplifði einelti en við erum búin að ráða fram úr því.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Snemmtæk íhlutun

Í vetur er verið að vinna lokahönd á þróunarverkefninu „Snemmtæk íhlutun“ undir verkstjórn Ásthildar B. Snorradóttur talmeinafræðings. Eitt af markmiðum þróunarverkefnisins er að hver skóli útbúi handbók, handbókin er nánast tilbúin og skil á henni eru áætluð 19. nóvember 2020. Í handbókinni eru allir ferlar skilgreindir og skráðir niður, t.d. hvenær og hvernig er gripið inn í með snemmtækri íhlutun ef framfarir í máli eru ekki aldurssvarandi. Verkefnið á að vera lifandi og því hægt að breyta samhliða þróunar í leikskólastarfinu.

Vísindastarf

Það gekk vel að halda áfram að þróa vísindastarfið á Móa og Mýri og þátttöku og virkni starfsmanna í flæðinu. Viðfangsefnin voru fjölbreytt og skemmtilegt. Vorið 2020 þegar Covid-19 skall á urðu nokkrar breytingar á flæðinu þar sem blöndun hópa mátti ekki vera mikil og hefur starfið verið svolítið litað af því.

Bjarg- matsalur

Það gekk mjög vel að þróa áfram umhverfið í Bjargi- matsal í takt við þær áherslur sem lúta að sjálfræði barnanna. Aðgengið er orðið mjög aðgengilegt og í hæð barnanna, geta þau að mestu hjálpað sér sjálf í hádegismatnum, leik og starfi.

Flæðismatur

Þróunin um þær leiðir að börnin finni sjálf rétta taktinn hvenær þau mega fara í mat, hvenær er laust og hvenær ekki gekk mjög vel fram að Covid-19 en þá breyttist aðeins matartíminn þar sem blöndun mátti ekki vera of mikil. Börnunum er kennt að skammta sér lítið á diskinn og fá sé aftur eða finna sitt eigið magamál erum við með þessu að koma í veg fyrir matarsóun sem er eitt af heimsmarkmiðunum. Matur er settur á hlaðborð í fá ílát í stað þess að setja matinn í mörg ílát til að koma í veg fyrir matarsóun. Afgangar eru nýttir í útikennslu til að koma í veg fyrir matarsóun

Börnin ganga sjálf frá eftir sig í matartímanum, í eldhúsinu er matarlátum safnað saman þar til bakkar eru fullir áður en hann fer í uppþvottavélina, er þetta gert til þess að sporna við of mikilli vatnsnotkun eins og eitt af heimsmarkmiðunum segir til um

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í Rjúpnahæð voru áætlaðir 6 dagar yfir árið – sjötti dagurinn var vegna námsferðar vor 2020 sem hugsuð var til endurmenntunar og námskeið fyrir starfsmennina okkar. Fyrirhugað var að fara til Toronto sem skipulagt var af Kvan. Vegna heimsfaraldurs var ferðinni frestað um ár. Einn auka skipulagsdagur var vorið 2019. Skipulagsdagar voru notaðir til að skipuleggja og þróa starf leikskólans, haldin voru námskeið, hluti af skipulagsdögum er notaður sem deildarfundir.

Endur- og símenntun

Allt starfsfólk Rjúpnahæðar er ávallt hvatt til að kynna sér þau endur-og símenntunar námskeið sem eru í boði. Margir nýttu sér þau námskeið sem voru í boði. Einnig voru starfsmenn sendir á námskeið á vegum leikskólans, námskeið fyrir nýja starfsmenn, fyrir deildastjóra o.fl. Einnig voru haldin minni námskeið innan leikskólans sem er haldin voru af stjórnendateyminu um stefnu og meginmarkmið leikskólans til þess að samþætta og þróa starf leikskólans.

Fundir

Starfsmanna- og deildafundir á skipulags - og námskeiðsdögum. Á þeim voru tekin fyrir málefni er varða allan starfsmannahópinn. Tveir fagfundir voru á árinu þar sem lögð var áhersla á að dýpka skilning fagfólksins á þeim kennsluáðferðum sem við notum og stefnu leikskólans.

Deildarfundir eru tvisvar sinnum í viku hálf tíma í senn á eldri deildum á vinnutíma og einu sinni fast í viku á yngri deildum (auka ef þarf) auk þess fá deildarnar aukatíma á skipulagsdegi.

Álmufundir voru haldnir einu sinni aðra hverja viku hálf tíma í senn til þess að samræma vinnubrögð á milli deilda.

Upplýsingarfundur leikskólastjóra var einu sinni í viku í hálf tíma í senn. Þar kom leikskólastjóri upplýsingum til deildarstjóra ásamt því að fara yfir það sem er framundan hverju sinni skv. skólalagatali.

Fundur sérkennslustjóra og stuðningsaðila var eftir þörfum. Þar kemur sérkennslustjóri upplýsingum til stuðningsaðila ásamt því að fá upplýsingar um gang mála hjá þeim.

Leikskólastjóri/sérkennslustjóri funduðu aðra hverja viku

Fundur með matráði var einu sinni til tvisvar í viku.

Öryggismálafundur var haldinn eftir þörfum.

Öryggistrúnaðarmannafundur, öryggisvörður ásamt öryggistrúnaðarmanni var eftir þörfum.

Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri er með samráðsfundur í byrjun dags á hverjum degi kl:7:45 og lengir fundir eftir þörfum.

Deildarstjórafundir voru haldnir ca einu sinni í mánuði tvo tíma í senn og var hann haldinn annað hvort í leikskólanum eða farið út fyrir leikskólann. Á deildastjórafundum var áhersla á að fara í einstök málefni sem koma upp í daglegu starfi, ásamt því að koma upplýsingum til deildarstjóra frá leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og öðrum utanaðkomandi sérfræðingum (sálfræðingum, iðjuþjálfum o.s.frv.). Á þessum fundum er einnig nýbreytni og þróun í starfi rædd.

Alla morgni er kvittað fyrir deginum á töflu inni á skrifstofu hjá leikskólastjóra og farið yfir þá atburði sem eru framundan þar sem deildarstjórar kvitta fyrir ef með þarf, þetta er gert til að allt gangi vel fyrir sig í öllu húsinu. Deildarstjórar bera ábyrgð á að þetta sé gert ásamt leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra.

Samstarf

Samstarf við grunnskóla

Líkt og undanfarin ár er gott samstarf á milli Rjúpnahæðar og Salaskóla, fundað er að hausti ásamt Fífusölum. Samstarfið byggist aðallega á því að nemendur/börn leikskólans og grunnskólans fá að hittast og kynnst aðstæðum á hvorum staðnum fyrir sig. Börnunum í leikskólanum var boðið í heimsókn í Salaskóla þar sem tekið var á móti þeim í fataklefanum og fóru þau síðan út og kynnst með því leiksvæðinu í kringum skólann. Síðar fóru þau í samsöng með yngsta stigi grunnskólans og að lokum fóru þau inn í bekk. Nemendur Salaskóla komu einnig í heimsókn í leikskólann og hitta krakkana og tóku þátt í starfi barnanna á útisvæði leikskólans. Síðastliðið ár var með örlitlu breyttu sniði og færri heimsóknir vegna Covid-19. Rjúpnahæð hefur undan farin ár nýtt húsnæði Salaskóla í sumarskóla með Fífusölum í góðri samvinnu og var þar engin breyting á í sumar.

Samstarf við aðra

Leikskólinn hefur mikil samskipti og greiðan aðgang að leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa og sérkennslufulltrúa. Leikskólasérkennari og deildastjórar hafa samvinnu við sálfræðing, talmeinafræðing og iðjuþjálfva vegna innra starfs og einstakra barna í samvinnu við foreldra þeirra.

Leikskólinn var einnig vera í góðu samstarfi við aðra leikskóla bæjarfélagsins og þá sérstaklega í hverfi 201 og 203. Það hefur verið gott samstarf við Lindarsókn og Guðmundur Karl prestur sóknarinnar kom í heimsókn til okkar og var útskrift elstu barna í Lindakirkju síðasta sumar, það var dásamlegt að hafa útskriftina þar og verður hún líklega þar næstu ár.

Þátttaka í rannsóknum

Við leggjum okkur fram í að taka þátt í rannsóknum hjá nemum sem koma til okkar í leikskólann

Þann 23. og 24. október 2019 komu til okkar tveir leikskólafulltrúar, níu leikskólastjórar og einn aðstoðarleikskólastjóri frá Vestur Noregi til að kynna sér stefnu okkar. Þeir tóku þátt í starfinu í tvo daga allan daginn. Haldin var fundur í lok dagsins með deildastjórum ásamt gestunum, þá gafst tími til að umræðna og spurninga.

Þær spurningar sem spurt var að: Hvernig farið þið að því að kenna lýðræði? Hver er uppskriftin að svona góðum leikskóla? Hvernig haldið þið svona lengi í starfsfólkið? Hvað fær fólkið til að vilja vera svona lengi?

Nemar

Rjúpnahæð er heimaleikskóli og fáum við reglulega til okkar nema frá Háskóla Íslands. Í vor fengum við þrjá nema til okkar frá Háskóla Íslands, menntavísindasviði, vera þeirra var með aðeins breyttu sniði þar sem bæði Covid-19 kom inn í og verkfall hjá Eflingu. Rjúpnahæð er heimaleikskóli og fáum við reglulega nema frá Háskóla Íslands, óvíst er hvað verða margir nemar í ár.

Viðhald

Almennt viðhald hefur farið fram: gera þurfti við innstungur og rafmagnsdósir, laga snaga, lagaðar skúffur, hurðir á klósettum svo eitthvað sé nefnt. Bónað var í sumarfríinu. Farið var vel yfir útisvæðið og útileiktæki voru yfirfarin. Tekinn var hluti af girðingu sem er úr tré og girðing úr járn sett í staðinn af öryggisástæðum við aðalinngang leikskólans ásamt því að yfirfara í kringum hann og laga. Sandur endurnýjaður í báðum sandkössum og gróðri viðhaldið, gras kantskorið. Kaffiaðstaða starfsmanna lagfærð og endurbætt, sett var upp innrétting og vaskur, fatahengi inni á kaffistofu var fjarlægð og munaskápar, nýir minni munaskápar settir upp í staðinn þar sem fatahengi var. Geymsluskápar voru settir upp í starfsmannaaðstöðu bæði inni á kaffistofu og í fataherbergi starfsmanna. Aðstaða fyrir starfsmenn til að koma fyrir fatnaði var verulega endurbætt og settir voru upp skápar fyrir útifatnað í báðum fataklefum. Mói (yngri gangur) var málaður, fataklefi þeim megin, starfsmannaaðstaða og undirbúningsherbergi starfsmanna. Málaðar voru tvær yngstu deildir leikskólans og gólfefni í fataklefum, Laup, og starfsmannaklósetti lagað.

Öryggismál

Öryggismál eru í föstum skorðum í Rjúpnahæð og ganga mjög vel.

Á skipulags- og námskeiðsdögum eru haldnir fyrirlestrar er varða öryggismál skv. Öryggishandbók um velferð og öryggi barna í leikskólum.

Ef slys verður í leikskólanum er farið eftir verkferlum Öryggishandbókar, fyllt eru út slysaskráningablöð af viðkomandi starfsmanni ásamt því að hringja í foreldri og láta vita hvað hafi gerst, um leið eru slysin skráð inn í Atvik sem er sértakt skráningarforrit sem heldur utan um slys.

Öryggismöppur eru staðsettar við inngang að fataherbergi þar sem starfsmenn og tengiliðar öryggistrúnaðarmanns geta tekið með sér ef til þarf.

Öryggisnefnd

Starfandi er öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður sem hittast eftir þörfum á fundi og fara yfir öryggismál í leikskólanum. Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður gera jafnframt áhættumat er varðar öryggi og aðbúnað starfsmanna reglulega. Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður hafa sótt námskeið reglulega hjá Vinnueftirliti ríkisins. Leikskólanum er skipt upp í öryggishólf þar sem viðkomandi leiðbeiningar og áhöld er varða öryggismál eru staðsett. Mismunandi hlutverk er varðar öryggismál eru í höndum margra öryggisfulltrúa sbr. útieftirlit, innieftirlit, eftirlit með útilóð, eftirlit með sjúkrakössum o.fl.

Áfallaráð

Starfandi er áfallaráð í leikskólanum sem skipa leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra.

Innra eftirlit

Öryggisvörður- leikskólastjóri er sjálfskipaður

Öryggistrúnaðarmaður-Fulltrúi starfsmanna og kosin eitt ár í senn

- Deildarstjóri sér um að koma upplýsingum til öryggisvarðar ef eitthvað er ábótavant varðandi öryggi barnanna á deildum.
- Einn tengiliður er við öryggisfulltrúa á hverri deild(kladdastjóri) og er það í hans höndum að bera ábyrgð á viðverulista ef t.d. til bruna kæmi.
- Öryggisfulltrúi eitt - sér um inni eftirlitið, hann er kosin í ár í senn. Hlutverk hans er að fara vikulega yfir leikskólann og fylgja eftir öryggisblöðum frá heilbrigðiseftirlitinu, ásamt því að fara yfir sjúkrakassa.
- Öryggisfulltrúi tvö - sér um útieftirlit, hann er kosin í ár í senn. Hlutverk hans er daglegt eftirlit og einu sinni í viku er ítarlegt eftirlit og fylgir hann eftir öryggisblöðum frá heilbrigðiseftirlitinu.
- Öryggisfulltrúi þrjú - sér um mánaðareftirlit - fylgir eftir öryggisblöðum frá heilbrigðiseftirlitinu.
- Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri – sjá um árseftirlit - fylgja eftir öryggisblöðum frá heilbrigðiseftirlitinu.
- Öryggisfulltrúi eldhús - hlutverk er að uppfylla Gámes - þrifaáætlun
- Öryggisfulltrúi - Eldvarna/jarðskjálftar - hlutverk sér um fræðslu og eftirfylgni á hlutverkaskiptingu varðandi rýmingu á svæðum og skipuleggur brunaæfingar með leikskólastjóra.

Öryggisfulltrúar eru tengiliðir við öryggisvörð - við leikskólastjóra. Ef eitthvað er ábótavant kemur ábyrgðaraðili til öryggisvarðar og gengið er beint í verkefnið.

Slys

Á síðastliðnu ári áttu sér stað minniháttar slys.

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Skólastarfið

Umbótaáætlun

Í framhaldi af mati á starfinu og starfsáætlun síðastliðið ár munum við skerpa á nokkrum þáttum. Við ætlum að:

- halda áfram að þróa starfið á yngstu deildum leikskólans, þar sem unnið er að því að skipuleggja vinnuumhverfi barna og starfsmanna, þar sem börnin geti notið sín á sínum forsendum, að aðstaðan sé slíka að þau geti með nokkuð góðu móti hjálpað sér sjálf og ýta undir sjálfstæðið þeirra. Þróa uppgötvunarnámið og tengja það við nærumhverfa barnanna, heima og leikskóla.
- halda áfram að rýna í efnivið yngstu barna.
- skerpa á tengslamyndun leikskóla og foreldra, stuðla enn frekar að öryggi barnanna í leikskólanum.
- skerpa á samþættingu milli deilda – að allir vinni að sama markmiði en aðferðir miðaðar að aldri barna.
- halda áfram að stuðla að heilsusamlegu mataræði og góðri og hollri samsetningu matar út frá manneldissjónarmiðum og heimsmarkmiðum.
- áframhaldandi vinna með fjölmenningu í leikskólanum. Vinna í samstarfi með starfsmönnum hvernig og hvenær unnið sé með fjölmenningu.
- halda áfram að leggja áherslu á samræmd vinnubrögð hvað varðar aga sbr. hvað gerum við þegar barn þarf að fara úr aðstæðum.
- halda áfram að kenna hvernig við tölum við hvort annað –starfsmaður-barn, barn- barn.
- halda áfram að virkja starfsmenn í þátttöku í leik barna.
- halda áfram að bæta möguleika starfsmanna á því að þróa sig enn frekar í starfi í sameiningu við starfsmenn.
- halda áfram að þróa starfsmannaviðtöl með tilliti til markþjálfunar og finna leiðir til enn frekari og öflugri starfsmannviðtala.
- halda áfram að innleiða þau vinnubrögð í hópastarfi sem leikskólinn stendur fyrir.
- halda áfram að leggja áherslu á að börnin læri að koma fram, standi í pontu og fái tækifæri til að tala í hljóðnema. Þau fái tækifæri á því að segja hvort öðru sögur, brandara og hlæja saman.
- leggja enn frekar áherslu á að öll börn eru allra börn, að unnið sé eftir námi án aðgreiningar
 - þessi þáttur er í stöðugri þróun
- að kennarar tileinki sér vinnubrögð til að skrá niður með hugarkorti hvað er verið að gera hverju sinni og skoði saman hvað börnin eru að segja og meti í framhaldi næstu skref og geri hugarkortið að lifandi skráningu með því að hafa það sýnilegt börnunum og svörum sé bætt við jafnóðum inn á sama hugarkortið. t.d. í hópastarfi eða almennt í starfinu.
- að tryggja öryggi barna á útileiksvæði.
- halda áfram með þá fundi sem nú þegar er verið að þróa þannig að allir hafi tækifæri til að miðla upplýsingum sín á milli og leggja til málanna um málefni sem að þeim snýr sbr. álmufundir.
- halda áfram að þróa flæðismat og flæðiskaffi á Móa og Mýri.
- leggja áherslu á að öll börn séu allra börn í leikskólanum.
- að kennarar tileinki sér vinnubrögð til að skrá niður með hugarkorti hvað er verið að gera hverju sinni og skoði saman hvað börnin eru að segja og meti í framhaldi næstu skref og geri hugarkortið að lifandi skráningu með því að hafa það sýnilegt börnunum og svörum sé bætt við jafnóðum inn á sama hugarkortið og dagsett t.d. í hópastarfi eða almennt í starfinu.

- að tryggja öryggi barna á útileiksvæði.
- að halda áfram að gera starfsaðstæður starfsmanna betri.

Barnasáttmáli

Stefna leikskólans er hugsmíðahyggja, megin markmið leikskólans er sjálfræði með lýðræði að leiðarljósi. Í öllum aðstæðum í leikskólanum vinnum við með barnasáttmálann að leiðarljósi í tengslum við okkar hugmyndafræði.

Í vetur munum við leggja áherslu á hópstarf sem miðast af því að þau fá tækifæri til að vinna í mismunandi stórum hópum eða einstaklingslega með margvísleg verkefni með lýðræðisleg vinnubrögð að leiðarljósi. Stuðla að sjálfstjórn, ábyrgð, virðingu, sjálfstæði og sjálfsbjargarviðleitni. Hvert viðfangsefni í hópstarfinu getur tekið mislangan tíma og á sér stað inni sem úti. Allir fá sömu fræðsluna í upphafi, sömu umræðu en svo er það þeirra að ákveða hvert verkefnið fer. Leikskólakennarar leiða hópinn á forsendum barnanna. Við notum hugarkort til að skrá niður viðhorf barnanna um hin ýmsu málefni. Í vetur munum við þróa skráningaraðferðina og gera hana sýnilegri börnunum og lifandi.

Heimsmarkmið

Skólaárið 2020-2021 ætlum við að vinna enn frekar að því að innleiða heimsmarkmiðin í leikskólann. Við komum til með að meta hvar við megum bæta okkur og með hvaða hætti við getum gert það. Einnig rýna í hvar við erum að vinna að heimsmarkmiðum fyrir. Nú þegar hefur orðið hugarfarsbreyting hjá starfsmönnum okkar og fólk orðið meira meðvitað um hvað má betur fara.

Námssvið sem var metið, umbætur

Við munum halda áfram að vinna með grunnþætti Aðalnámskrá leikskólanna læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun. Allt eru þetta þættir sem unnið er markvisst að í leikskólanum Rjúpnahæð og munum halda áfram að vinna með.

Matslistar – umbótaáætlun

Við komum til með að halda áfram að notast við samskonar mat á starfi leikskólans eins og síðastliðin ár þar sem það hefur reynst okkur vel. Starfið er metið jafnt og þétt yfir árið og viðburðir eru metnir jafnóðum og þeim er lokið. Það sem við höfum í huga þegar við erum að endurmeta viðburði eru eftirfarandi punktar:

- Hvað erum við að endurmeta
- Markmið
- Undirbúningur
- Hvernig gekk?
- Hvað gekk vel?
- Hvað hefði mátt betur fara ?
- Var tímasetningin góð?
- Annað

Matsteymi leikskólans eru skólastjórnendur, deildastjórar og sérgreinastjóra – leiðandi afl leikskólans. Starfið er stöðugt verið að endurmeta og bæta það sem þarf, er það gert á upplýsingafundum, deildastjórafundum og þegar við á. Ef deildastjóri er fjarverandi kemur staðgengill deildastjóra á fundi.

Börn

Leikskólaárið 2020-2021 verða samtals 106 börn í Rjúpnahæð

Börn fædd 2019 verða 16

Börn fædd 2018 verða 16

Börn fædd 2017 verða 19

Börn fædd 2016 verða 28

Börn fædd 2015 verða 23

Ekki er búið að fylla upp í fjögur pláss

Flest börn eru í heilsdagsrýmum 8-9 tíma á dag

Aðlögun leikskólans hefur verið með sérstöku móti í ár sökum Covid-19 en það eru fyrirhugaðar nokkrar breytingar um áramót, bæði börn að flytja frá okkur og ný börn að byrja.

Sérkennsla

Börn sem njóta sérkennslu og fá stuðningstíma á deild sinni eru eftirfarandi:

Krummahreiður: 11 tímar á dag

Arnarhreiður: 8 tímar á dag

Álftahreiður: 8 tímar á dag

Lóuhreiður: 7 tímar á dag

Við munum halda áfram að þróa nýjar vinnuáferðir í kringum sérkennsluna. Við myndum teymi í kringum þau börn sem sérstaklega þurfa á því að halda (1-2 flokkur). Við höfum einn yfirstuðningsaðila og tvo aðra sem vinna saman í teymi í kringum barnið. Deginum er skipt upp í þrjá hluta þar sem mismunandi vinna fer fram. Hlutverk yfirstuðningsaðila er að sjá til þess að barnið fái þá þjálfun sem það þarf í öllum aðstæðum, sjónrænt skipulag sé fyrir hendi í upphafi dags og heldur utan um teymið í kringum barnið með því að funda reglulega.

Haldið verður áfram að þróa málörvun með samþættingu allra deilda í huga og leiðir með snemmtæka íhlutun.

Foreldrakönnun

Við komum til með að halda áfram að gera kannanir meðal foreldra með Survey Monkey eftir alla atburði sem snúa að foreldrum og þeirra samstarfi. Einnig er miðlæg könnun sem Kópavogsbær sem stendur að og er skólapulúsin.

Samsetning starfsmannahópsins

Í haust verða 38 starfsmenn í 31,37 stöðugildum ásamt 2 í ræstingu. Inni í þessum stöðugildum eru bæði veikindaafleysing, afleysing vegna undirbúnings og skóla. Í vetur verða áætluð 4,25 stöðugildi vegna sérkennslu og auk þess 75% sérkennslustjóri. Nokkrir starfsmenn eru í námi með vinnu.

1 leikskólastjóri

1 aðstoðarleikskólastjóri

1 sérkennslustjóri - þroskaþjálfari

5 leikskólakennarar með deildarstjórn

1 Bs.félagsfræði með deildarstjórn

2 uppeldis-og menntunarfræðingar í stuðning

- 1 leikskólakennari - sérgreinastjóri
- 1 myndlistarkennari með umsjón í myndmennt
- 2 íþróttakennarar
- 1 þroskaþjálfari með stuðning
- 1 Ms í sálfræði – nemi í leikskólakennarafræðum
- 4 leikskólaliðar
- 17 leiðbeinendur, nokkrir af þeim eru í námi
- 1 matráður/matreiðslumeistari
- 1 aðstoðarmaður í eldhúsi
- 2 starfsmenn í ræstingu

Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl

Starfsmannakönnun er gerð með reglulegu millibili hjá Kópavogsbæ. Starfsmannaviðtöl eru með þeim hætti að teknir eru bæði teymisfundir sem og einstaklingsfundir. Leitast verður eftir því að þróa starfsmannaviðtölin á komandi skólaári með þeim hætti að taka bæði einstaklingsviðtöl með skipulögðum- og óskipulögðum hætti einnig verður ætlum við að vera með áframhaldandi teymisfundi þar sem ákveðinn hópur er að þróa saman ákveðna starfshætti innan leikskólans. Munum við skilgreina starfsmannaviðtöl betur. Í niðurstöðum síðasta skólapúls vorum við með þeim hæstu á landinu í starfsánægju og hvað starfsfólk var meðvitað um starfsemi leikskólans en um leið vorum við með þeim lægstu samkvæmt niðurstöðum skólapúlsins að starfsfólk taldi sig ekki hafa farið í starfsmannaviðtal. Munum við því leitast eftir að skilgreina þetta betur og gera skýrara

Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári

Leikskólinn Rjúpnahæð er í stöðugri þróun enda kemur það skýrt fram í niðurstöðum skólapúlsins að starfsmenn leikskólans telji sig vera í stöðugu þróunarstarfi sem var mjög ánægjuleg niðurstaða. Í ár munum við leggja sérstaklega áherslu á að þróa starf með yngstu börnunum og áframhaldandi lýðræði með börnunum í öllum leikskólanum með sjálfræði að leiðarljósi. Einnig verður farið í áframhaldandi þróun á sumarskólanum að gera sumarskólann enn meira hvetjandi og takt við stefnu leikskólans. Við munum halda áfram að þróa starfið okkar í takt við heimsmarkmiðin. Einnig munum við gera starfið sýnilegra hvernig við samþættum barnasáttmálann inn í okkar starf með börnunum út frá stefnu leikskólans. Við munum halda áfram að þróa starfið okkar með túlkun barna að friði að leiðarljósi með tilliti til heimsmarkmiða og heilbrigði og vellíðan samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla.

Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá

Skipulagsdagar í Rjúpnahæð verða 7 yfir árið – einn aukadagur vegna námsferðar sem áætlað er að fara næsta vor. Námsferð leikskólans átti að vera nú í vor 2020 en vegna Covid-19 varð að fresta henni.

Dagsetningar skipulagsdaga skólaárið 2020-2021 eru eftirfarandi:

- 4. september 2020
- 2. október 2020
- 19. nóvember 2020
- 15. janúar 2021
- 17. mars 2021
- 12. og 14. maí 2021 – áætluð námsferð

Endur- og símenntunaráætlun

Allt starfsfólk Rjúpnahæðar er hvatt til að kynna sér þau endur- og símenntunar námskeið sem eru í boði. Fólk velur sér námskeið eftir áhugasviði en einnig sendir leikskólinn fólk á ákveðin námskeið. Námskeið fyrir nýja starfsmenn, námskeið fyrir deildastjóra, skyndihjálparnámskeið, sjálfræði barna, öryggismál, skapandi starf, streita og jafningjastjórnun fyrir deildarstjóra o.m.fl.

Einnig eru haldin námskeið innan leikskólans sem er haldið af stjórnendateyminu um stefnu og meginmarkmið leikskólans til þess að samþætta og þróa starf leikskólans.

Fundir

Fundir verða í sama formi og verið hefur, það hefur reynst vel. Við munum skerpa enn frekar á í hvað fundirnir verða notaðir.

Rannsóknir

Engin þátttaka í rannsóknum er fyrirhuguð en unnið er áfram í þróunarverkefni túlkun barna á friði.

Samstarf

Haldið verður áfram að þróa að samstarfi á milli leik- og grunnskóla.

Áframhaldandi samstarf við Háskóla Íslands.

Einnig er verið að skoða samstarf við Unicef varðandi túlkun barna á friði í tengslum við þróunarverkefni leikskólans.

Nemar

Áframhaldandi samstarf við Háskóla Íslands, menntavísindasvið þar sem við erum heimaleikskóli.

Einnig er samstarf við starfsbraut Háskóla Íslands þar sem við komum til með að fá nemendur frá þeim í starfsnám.

Viðhald

Reglulegt viðhald fer fram yfir árið eins og að laga innstungur og rafmagnsdósir, laga snaga, lagaðar skúffur, hurðir á klósettum svo eitthvað sé nefnt. Bónað verður í sumarfríinu.

Farið verður vel yfir útisvæðið og útileiktæki yfirfarin. Nauðsynlegt er að yfirfara tréverk á svæði leikskólans í úti garði við sandkassann þar sem tréverk er orðið fúíð og þarfnast útskiptingu. Ósk um að útbúið verði geymslurými við hlið matjurtagarðs úti.

Það sem þar sem þarf að gera inni er að endurhanna fataherbergi, hólf barnanna og aðstöðu þeirra. Halda áfram að mála, fjórar deildir í leikskólanum og endurskipuleggja deildirnar út frá stefnu leikskólans.

Rafmagnstæki eru komin til ára sinna og þarfnast endurnýjunar enda orðin 18 ára gömul, ofninn, ísskápur, frystir, uppþvottavél og þurrkari sem bila reglulega.

Öryggismál

Öryggismál eru í góðu skipulagi hér í Rjúpnahæð við munum rýna í öryggishandbók um velferð og öryggi barna í leikskólum og sjá hvort að einhverjir verkferlar varðandi öryggi sé ábótavant. Í ár munum við leggja áherslu á öryggi barna í umferðinni og í gönguferðum á vegum leikskólans hvernig þeim skuli vera háttað samkvæmt handbókinni. Við munum áfram finna leiðir til að tryggja öryggi barna sem best á útisvæðum.

Unnið er í því að koma öryggismálum leikskólans inn á heimasíðuna þar sem þau eru aðgengileg öllum.

Lokaorð

Skólaárið 2019-2020 var mjög viðburðarríkt og skemmtilegt, það má segja að þetta hafi verið ár uppskeru og viðurkenningar. Við hófum starfið á því að taka þátt í Alþjóða friðardeginum þann 21 september sem var í umsjón The European Grandmothers Councilá .“Ráð Evrópskra Formæðra“með því að vera með sýningu í Mosfellsbæ á túlkun barnanna á friði í rituðu máli og á listrænan hátt. Sýningin vakti gríðarlega mikla athygli hjá foreldrum, fulltrúa menntasviðs, leikskólafulltrúa, menningafulltrúa Kópavogs og Unicef. Kópavogsbær óskaði eftir því að sýningin yrði sett upp á bókasafni Kópavogsbæjar. Við í Rjúpnahæð munum halda áfram að vinna með niðurstöður barnanna á túlkun þeirra á friði og skapa umhverfi fyrir börn og starfsfólk þar sem öllum líður vel.

Framþróun átti sér stað á öllum sviðum leikskólans og má þá sérstaklega nefna samhæfingu og samræmingu í starfsháttum og samheldni starfsmanna í Rjúpnahæð. Það sem einkennir okkar einstaka starfsmannahóp er jákvæðni og að vera alltaf tilbúinn að takast á við áskoranir.

Um mánaðarmótin febrúar/mars 2020 gerðist það sem engin átti von á, þá skall á heimsfaraldur og viðbragðsáætlanir yfirvald og stofnana voru virkjaðar og sjálfræði var tekið af okkur. Okkur var uppálagt að fylgja fyrirmælum án þess að hafa nokkuð um hlutina að segja. Segja má að þessi reynsla hafi reynt mikið á samheldni, skipulag og áskoranir. Áskoranir sem breyttust mjög fljótt og urðum við að finna lausnir við þeim og fá alla til þess að vinna sem ein liðsheild án skoðana, bara einfaldlega fylgja tilsettum fyrirmælum, bæði starfsmenn, börn og foreldrar. Leikskólinn breyttist í sóttvarnarhólf með öllum tilheyrandi sóttvörnum. Þjónusta við foreldra var skert og börnin fengu vistun annan hvern dag og fylgdu ákveðnum hópum Starfsfólk fékk ákveðið hlutverk, hlutverk sem samræmdest ekki endilega þeim starfslýsingum sem það var ráðið í. Tilmæli yfirvalda voru sífellt að breytast með tilheyrandi skipulagsbreytingum og áskorunum. Aldrei áður hefur reynt eins mikið á nauðsyn þess að standa saman og segja má að okkar frábæri starfsmanna-, barna- og foreldrahópur hafi staðist þær væntingar og viljum við svo sannarlega þakka þeim fyrir. Þessi reynsla mun fylgja okkur um ókomin ár og hefur kennt okkur margt sem við getum verið þakklát fyrir.

Við munum halda áfram að takast á við nýjar áskoranir, þróa okkur í takt við þá stefnu sem leikskólastarfið í Rjúpnahæð byggist á og hlökkum til nýrra ævintýra næsta skólaár.

Kópavogur 3. desember 2020

Hrönn Valentínusdóttir, leikskólastjóri

Margrét Bjarnadóttir, aðstoðarleikskólastjóri